



Kynungabók



upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja

Kynungabók



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Ágúst 2010

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4, 150 Reykjavík
Sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is www.menntamálaráðuneyti.is

Höfundar: Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir

Hönnun og umbrot: Kári Emil Helgason, www.kariemil.com

Teikningar: Huggleikur Dagsson

Styrktaraðilar: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið,
forsætisráðuneytið, Háskóli Íslands, iðnaðarráðuneytið, Jafnréttisstofa,
Kópavogsbær, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræði

Letur: Museo Slab og Museo Sans

Prentun prentútgáfu: Prentsmiðjan Oddi hf.

Höfundar þakka Andreu Hjálmsdóttur, Arnari Gíslasyni, Ármanni Jakobssyni,
Elvu Björk Sverrisdóttur, Gesti Guðmundssyni, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Ingólfi Gíslasyni,
Ingunni Bjarnadóttur, Katrínu Önnu Guðmundsdóttur, Rósu Erlingsdóttur, Stellu Blöndal,
Þorgerði Einarsdóttur, Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur, Þóroddi Bjarnasyni og fleirum fyrir yfirlestur,
innlegg og athugasemdir

© 2010 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Frjálst er að nota efnið eftir þörfum sé heimildar getið

ISBN 978-9979-777-83-0

Efnisyfirlit

Formáli 6

Inngangur 7

Fjölskylda 8

Hvað hefur breyst? 9

Fjölskyldan í nútímanum 10

Skólaganga 12

Undirbúningur fyrir lýðræðisvirkni og atvinnuþátttöku 13

Undirbúningur fyrir fjölskyldulíf 14

Aukið námsval í grunnskólum og framhaldsskólum 14

Varasamar fullyrðingar 16

Vinumarkaður 18

Karlmennska og kvenleiki í ljósi sögunnar 19

Kynskiptur vinnumarkaður 19

Launamunur kynjanna 20

Áhrifastöður 20

Fjölmiðlar 23

Kynjahlutföll í fréttatengdu efni 24

Stjórn málaumfjöllun 24

Dægurmenning 25

Auglýsingar 26

Heilsufar 27

Hin kynbundna þversögn í heilsufari 28

Lífsstíll og neysla 29

Kynheilbrigði 30

Vinna og heilsa 31

Ofbeldi og árárshæðun 31

Kynbundið ofbeldi 32

Kynferðisofbeldi gagnvart börnum 33

Kynferðisleg áreitni 33

Klám 33

Spornað við vændi 34

Nauðgun 34

Stígamót og Aflið 34

Heimilisofbeldi – Ofbeldi í nánnum samböndum 34

Upplýsingagjöf og aðstoð 35

Stjórnkerfi og lagaumhverfi jafnréttismála 36

Stjórnkerfi jafnréttismála 37

Jafnréttisstofa 37

Kærunefnd jafnréttismála 37

Jafnréttisráð 37

Lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla 38

Félög sem vinna að jafnrétti kynja 38

Í átt að jafnrétti kynjanna – annáll 1850–2010 39

Hugtakaskýringar 41

Heimildir 44

Tilvísanir 47

Formáli

Í ár eru liðin 95 ár síðan konur öðluðust kosningarétt og kjörgengi á við karla og 30 ár frá forsetakjöri frú Vigdísar Finnbogadóttur. Þessum tímamótum í jafnréttissögunni ber að fagna með menntun og upplýsingu fyrir ungt fólk um réttindi sín og ábyrgð á að byggja upp réttlátt samfélag. Árið 1976 voru fyrstu jafnréttislögin samþykkt þar sem kveðið var á um jafnréttisfræðslu í skólum. Þó að liðin séu 34 ár frá setningu laganna er slík fræðsla ekki enn orðin almenn innan skólakerfisins.

Það er von mín að rit sem þetta eigi eftir að nýtast í skóla- og uppeldisstofnunum þannig að allir nemendur fái lögbundna fræðslu í þessum efnum. Margt hefur áunnist í jafnréttismálum en mikilvægt er að nýjar kynslóðir læri um fortíðina og viti að slíkar breytingar gerast ekki af sjálfu sér. Að sama skapi er nauðsynlegt að vera alltaf vakandi fyrir umhverfi sínu því að jafnréttisbaráttunni verður seint lokið.

Á 19. öld benti enski heimspekingurinn John Stuart Mill á að: „Tilfinningar vorar til hinnar misjöfnu stöðu karla og kvenna [eru] ... rötgrónari en allar aðrar tilfinningar sem geyma og vernda venjur fortíðarinnar. Það er því eigi að furða þótt þær séu öflugastar af öllum og hafi varist best gegn andlegum byltingum sem orðið hafa í mannfélaginu á seinni tímum”.¹ Þessi orð Mills eiga enn við. Kynungabók er mikilvægt framlag til að efla andlega byltingu gegn rötgrónum tilfinningum fortíðar.



Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Inngangur

Markmið *Kynungabókar* eru að:

- Veita raunsæja mynd af stöðu kynjanna í samfélaginu.
- Sýna fram á að jafnréttismál varða bæði kynin.
- Vekja ungt fólk til umhugsunar um áhrif kynferðis á líf þess.
- Fjalla um mismunandi mótun kynjanna út frá menningu, umhverfi og tíma.
- Vekja ungt fólk til meðvitundar um réttindi sín.

Fjölmargar jákvæðar breytingar hafa orðið á stöðu kynjanna á síðustu áratugum. Smám saman hefur dregið úr því kynjamisrétti sem viðgengist hafði í aldanna rás. Kvenréttinda-konur, ásamt karlkyns stuðningsmönnum þeirra, háðu langvinna baráttu við öfl sem lögðust gegn róttækum breytingum á stöðu kvenna í samfélaginu. Breytingarnar áttu sér stað í áföngum, en ekki átakalaust. Með tíð og tíma hafa karlar í auknum mæli gengið inn í störf sem konur sinntu nánast eingöngu, eins og til dæmis uppeldi barna og heimilisstörf. Að sama skapi hafa konur látið til sín taka á sviðum sem heyrðu áður alfarið undir karlmenn, s.s. með þátttöku í stjórnmálum.

Talið er að rekja megi núverandi kynjamisrétti til þeirra tíma er eingöngu karlar úr **valdastétt** höfðu tækifæri til að móta samfélagið en það gerðu þeir út frá hagsmunum sínum. Gildismat þeirra varð undirliggjandi í trúarbrögðum, lögum, reglum, hefðum og siðum, eða í samfélaginu öllu. Talað er um að konur annars vegar og karlar hins vegar hafi ákveðið rými til athafna. Rýmið er mismunandi eftir samfélögum og tíma. Ef farið er út fyrir rýmið má búast við hneykslun og jafnvel aðgerðum til að stöðva viðkomandi einstakling. Víða gilda t.d. strangar reglur um klæðnað og háttalag. Áður fyrr var rými kvenna að mestu leyti á einkasviðinu, þ.e.a.s. á heimilinu og rými karla að mestu leyti á opinbera sviðinu, í atvinnulífi og stjórnmálum. Út frá þessum hlutverkum spruttu hugmyndir um **kvenleika** og **karlmennsku** sem enn lifa góðu lífi og hafa áhrif á hvernig við skynjum okkur sem stelpur/konur eða stráka/karla.

Hugmyndir um að kynin séu ólík að eðlisfari eru algengar. Þær geta verið varhugaverðar, t.d. þegar þær stuðla að því að annað kynið sé útilokað frá þátttöku í ákveðnum athöfnum. Slík útilokun er ein af birtingarmyndum kynjamisréttis. Þrátt fyrir gríðarlegar breytingar í jafnréttisátt á síðustu öld eimir enn eftir af gömlum hugmyndum um kynin. Áhrif þeirra verða útskýrð í þessu riti. Þó að lagalegt jafnrétti hafi komist á með tímanum og margir sigrar unnist er því miður ekki hægt að halda því fram að jafnrétti ríki á Íslandi. Karlar eru til að mynda fleiri í helstu áhrifastöðum

landsins og kynbundið launamisrétti er enn landlægt.

Segja má að margs konar orsakir liggi að baki kynjamisrétti en ljóst er að rótgrónar hugmyndir um karlmennsku og kvenleika sem eru innbyggðar í samfélagsgerð okkar eru helsti þröskuldurinn. Þau sem berjast gegn þessum viðtekna hugmyndaheimi og vilja auka fjölbreytni og athafnarými fyrir hvort kyn skilgeina sig gjarnan sem **femínista**.

Vert er að minna á að hvorki konur né karlar eru einsleitir hópur. Margt annað en kynferði hefur áhrif á stöðu einstaklinga svo sem menningarlegur bakgrunnur, stétt, búseta, fötlun, kynhneigð, litarháttur, heilsa og aldur.

Það er konum, körlum og íslensku samfélagi í hag að virða jafnrétti kynjanna. Jafnrétti kynjanna er réttlætismál, það bætir allra hag og það er ólýðræðislegt að virða ekki jafnan rétt allra þegna. **Jafnréttisbaráttan** er því baráttan allra. Rannsóknir sýna að jafnrétti kynjanna eykur hamingju, jafnréttissambönd endast betur, fyrirtæki og stofnanir eru betur rekin og þjóðfélagið verður lýðræðislegra og betra. Það er því allt að vinna og engu að tapa. Hér á eftir verða skoðaðir þeir þættir sem skipta mestu máli þegar við skoðum mismunandi stöðu kynjanna.

Kynungabók byggir á femínískum hugmyndum og **mótunarhyggju** sem er andstæða **eðlishyggju**. Mótunarhyggja hafnar því að ólíkt eðli kynja sé ástæðan fyrir ólíkri hegðun, hlutverki og stöðu kynjanna. Hver einstaklingur fæðist með ólíka skapgerð en ekki er hægt að setja alla einstaklinga sem fæðast af sama kyni undir einn hatt hvað varðar eiginleika og skapgerð. Manneskjan mótast af þeim hugmyndum um karlmennsku og kvenleika sem eru við lýði hverju sinni.

Aftast er sérstakur kafli með hugtakaskýringum. Hugtök sem eru appelsínugul má finna þar. Við upphaf hvers kafla eru taldar upp helstu heimildir sem notaðar voru við textagerðina. Jafnframt eru tilvísanir í textanum.

Fjölskylda

Helstu heimildir:


Hagstofa Íslands 2009, Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, Félags- og tryggingamálaráðuneytið 2001, Forsætisráðuneytið 2004, Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, Stefania Katrín Karlsdóttir 2008.



Á 20. öldinni urðu miklar breytingar á lífsháttum Íslendinga. Skýr dæmi um það er aukin þátttaka kvenna á vinnumarkaði og aðkoma fedra að heimilisstörfum, umönnun og uppeldi barna. Fyrir fáeinum áratugum heyrði það til undantekninga að báðir aðilar í sambúð eða hjónabandi ynnu úti og deildu með sér heimilisstörfum og umönnun barna. Slíkt þykir sjálfsagt og eðlilegt í nútímasamfélagi þótt misjafnt sé hvernig verkaskiptingu er háttað. Við þessar breyttu aðstæður hefur skapast þörf á því að foreldrar geti samræmt fjölskyldu- og atvinnulíf. Lögjafinn og atvinnurekendur hafa komið til móts við þennan nýja veruleika með ýmsum breytingum og umbótum.


Vissir þú að ...

... atvinnuþátttaka kvenna var aðeins meiri en karla til 25 ára aldurs árið 2008 en flest önnur ár hafa karlar verið fleiri á vinnumarkaði í öllum aldurshópum?



Mynd 1: Atvinnuþátttaka eftir aldri og kyni árið 2008 (Hagstofa Íslands, 2009a).

Þinn réttur Samkvæmt lögum eru atvinnurekendur lagðar ýmsar skyldur á herðar til að tryggja réttindi starfsfólks. Konur og karlar eiga að fá sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og óheimilt er að mismuna starfsfólki eftir kyni.²




Mynd 2: Konum hefur fjölgað verulega á vinnumarkaði frá árinu 1960. (Hagstofa Íslands 1997; Hagstofa Íslands, 2010).

Hvað hefur breyst?

Sókn kvenna út á vinnumarkaðinn hefur gjörbreytt stöðu þeirra og aukið fjárhagslegt og félagslegt sjálfstæði til muna. Mikilvægt er að minnst þess að breytingar náðust fram vegna **jafnréttisbaráttu** sem skilað hefur miklum árangri. Má þar nefna fjölgun kvenna í áhrifastöðum, fjölgun leikskóla og lengra fæðingarorlof.

Margir telja að eldri hugmyndir um karla sem fyrirvinnu hafi haft þær afleiðingar að samskipti fedra og barna voru oft og tíðum lítil hér áður fyrr. Óhætt er að segja að feður eigi nú nánari samskipti við börn sín en þekktist meðal þéttbýlisfólks á síðustu öld. Lagasetningar eins og fyrrnefnd ákvæði í jafnréttislögum um að atvinnurekendur beri skylda til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur og fjölskylduábyrgð gera körlum auðveldara að sinna börnum sínum. Reyndar hafa lög um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2000 haft töluverð áhrif því karlar nýta rétt sinn til fæðingarorlofs í auknum mæli.



Mynd 3:
Heimilishald einstaklinga á Íslandi árið 2009 (Hagstofa Íslands, 2009a).

Fjölskyldan í nútímanum

Fjölskyldan er talin vera hornsteinn íslensks samfélags og uppspretta lífsgilda samkvæmt opinberri fjölskyldustefnu frá árinu 1997. Hún er skilgreind þannig:


*Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómsundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum.*³

Fjölskyldan tekur á sig margar myndir. Meðal annars eru til kjarnafjölskyldur, einsforeldris-fjölskyldur, fjölskyldur samkynhneigðra og stjúpfjölskyldur. Hafa ber í huga að ekki er um að ræða fjölskyldu þótt fólk haldi saman heimili. Vinir geta til dæmis búið saman til lengri eða skemmri tíma en yfirleitt er ekki fjallað um þá sem fjölskyldu.

Í tölum frá Hagstofu Íslands er reiknað með að til kjarnafjölskyldu teljist; hjón og fólk í óvígðri sambúð ásamt börnum 17 ára og yngri sem eru með lögheimili hjá þeim og einhleypir karlar og konur sem búa með börnum 17 ára og yngri. Börn sem eru 18 ára og eldri teljast ekki til kjarnafjölskyldu þótt þau séu talin með þegar skoðað er hverjir séu á heimilinu ef um sameiginlegan heimilisrekstur er að ræða. Sífellt fleiri einstaklingar halda heimili einir í nútímasamfélagi. Ýmsar ástæður geta legið þar að baki. Margir velja sér það lífsform en aðrir hafa misst maka eða skilið.

Vissir þú að ...

... árið 2009 voru einstæðar mæður mun fleiri en einstæðir feður. Þær voru 11.402 eða 91% en einstæðir feður 1.090 eða 9%?⁴



Mynd 4: Sameiginleg forsjá hefur aukist á sama tíma og forsjá mæðra verður sjaldgæfari (Hagstofa Íslands, 2009a).

Skilnaðir og sambúðarslit eru algeng í nútímasamfélagi. Árið 2008 voru 1.309 skilnaðir á Íslandi en á árunum 2001–2005 var meðaltal hjúskaparslita og skilnaða að borði og sæng 1.247 á ári. Sú breyting hefur orðið undanfarin ár að margir foreldrar nýta sér þann möguleika sem var lögfestur 1992, að hafa sameiginlega forsjá barns eða barna þegar þau skilja. Árið 2008 völdu 81% foreldra sameiginlega forsjá. Þó svo að forsjáin sé sameiginleg þarf barnið að eiga lögheimili hjá öðru hvoru foreldranna og þannig eru tölur um einstætt foreldri fundnar út.

Könnun sem gerð var meðal 12–16 ára nemenda vorið 2006 leiddi í ljós að 73% bjuggu hjá báðum foreldrum og 24% áttu tvö heimili. Þar af voru 8% nemenda sem sögðust búa reglulega á báðum stöðum og 4% sem sögðust búa jafnt til skiptis á tveimur heimilum, til dæmis aðra hverja viku á hvoru heimili.⁵

Vissir þú að ...

... frá og með 27. júní 2006 hafa samkynhneigð þör sama lagalega rétt og gagnkynhneigð þör um ættleiðingar og tæknifrjóvganir?

... 27. júní 2010 gengu í gildi ný hjúskaparlög. . Breytingin felur í sér frelsi fólks til að giftast einstaklingi af sama kyni. Samtökin '78 börðust í áraraðir fyrir þessum breytingum. Frekari upplýsingar má nálgast á vefnum www.einhjuskaparlog.is

Til umhugsunar

1. janúar 2010 voru Íslendingar alls 317.630. Í flestum aldurshópum til 66 ára aldurs eru karlar fleiri en konur en síðan breytist hlutfallið og þeim fækkar meira en konum.

Þinn réttur Árið 2000 voru sett ný lög um rétt foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs. Markmið laganna er að tryggja barninu samvistir bæði við föður og móður og gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

- Báðir foreldrar eiga rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur.
- Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað hvort þeirra getur tekið til viðbótar.⁶


Til umhugsunar Margt hefur breyst síðan 1960 þegar konur voru meira en helmingi færri en karlar á vinnumarkaði. Hvaða breytingar hafa haft mestu áhrif á þessa þróun?

- Árið 2008 töldust 97.100 karlar og 81.500 konur til vinnuafis á Íslandi. Af þeim eru 87,1% karla á vinnumarkaði og 77,7% kvenna. Athyglisvert er að skoða hvar hinir eru en þær upplýsingar má til dæmis finna á vef Hagstofu Íslands.

Helstu heimildir:

Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2005; Connell, 1995; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007; Hagstofa Íslands, 2009b; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Loftur Guttormsson, 2008; Lög um framhaldsskóla; Lög um grunnskóla; Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ; Myers, Taylor, Adler og Leonard, 2007; Sigríður Matthíasdóttir, 2004; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009; Sólveig Jakobsdóttir, 1999; Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005.

A Á B C D ð E É F G
H Í J K L M N O Ó P
Q R S T U Ú V W X Y
Ý Z Þ Æ Ö



Á tímum iðnbýltingarinnar í Evrópu þegar barna- og unglingaskólar voru að mótast var markmið skólahaldsins að mennta efristéttardrengi til stjórnunar- og fræðistarfa. Þá þurftu þeir foreldrar sem sóttust eftir menntun fyrir strákana sína að greiða fyrir það úr eigin vasa. Lærði skólinn, sem heitir nú Menntaskólinn í Reykjavík og er elsti framhaldsskóli landsins, á slíkar rætur og var allt fram til ársins 1904 lokaður stúlkum. Stjórnvöld á Norðurlöndum voru fyrst til að koma á almennri fræðsluskyldu sem var skipulögð og greidd af hinu opinbera. Fræðsluskylda í þeim anda varð almenn árið 1907 á Íslandi. Fram að því þótti mörgum „óþarft af kvenfólki og meðalgáfuðum drengjum að læra skrift og reikning“⁷ Bóklegt nám umfram það sem krafist var til fermingarfræðslu taldist óþarfi fyrir almúgadrengi og allar stúlkur en þrátt fyrir það var lestrarkunnátta orðin nokkuð almenn um aldamótin 1900 þótt fáir kynnu að skrifa.

Til umhugsunar

Þekkir þú sögu þíns skóla og hvernig hún birtist nú í inntaki náms og menningu skólans?

Í lok 19. aldar fór starfsmenntun á unglingastigi að þróast sem byggði á rótgrónum hugmyndum um ólík hlutverk kynjanna. Stofnaðir voru búnaðarskólar fyrir drengi og svo sérstakir kvennaskólar fyrir stúlkur sem ætlaðir voru til að undirbúa þær undir húsmóðurstarfið. Fyrir tæpum 100 árum fengu konur jafnan rétt og karlar til alls náms, styrkja og opinberra embætta. Þrátt fyrir það voru framhaldsskólar mjög kynskiptir í marga áratugi þar á eftir sem endurspeglast nú í kynskiptu námsvali.⁸ Það er lærdómsríkt að skoða sögulegar rætur íslenska skólakerfisins og velta fyrir sér hvað stjórnvöldum á hverjum tíma þykir mikilvægt að allir læri um.

Til umhugsunar

Hvað einkennir þá nemendur sem eru fremstir í flokki í þínum bekk? Tengist það á einhvern hátt ráðandi hugmyndum um karlmennsku og kvenleika? Getur þú greint hvaða kynjahugmyndir eru ráðandi í skólaumhverfi þínu?

- Hefurðu skoðað skólablaðið þitt með kynjagleraugum? Hverjir veita skólablaðinu forgöngu? Hvers konar myndir og greinar birtast þar? Hefur þú tekið þátt í að móta efni blaðsins?

Vissir þú að ...

... samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008) skulu nemendur á öllum skólastigum hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem meðal annars skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

... í grunnskólaögum eru taldar upp 13 námsgreinar sem kenna á í grunnskóla og ein af þessum greinum ber þar heitið Jafnréttismál. Jafnframt er gert ráð fyrir að jafnréttisnámi sé fléttað inn í allt skólastarfið.

Undirbúningur fyrir lýðræðisvirkni og atvinnuþátttöku

Samkvæmt lögum um grunn- og framhaldsskóla á skólastarfið að mótast af lýðræði og jafnrétti og undirbúa nemendur undir þátttöku í þjóðfélaginu. En hefur grunn- og framhaldsskólinn náð að fylgja eftir þessum stefnumiðum sínum? Er hugað að þátttöku og virkni allra í þínum skóla?

Virkni í rökræðum og lýðræðislegri þátttöku í bekknum mótast ekki bara af kyni heldur einnig stéttarstöðu, uppruna eða uppeldisaðferðum. Uppeldisaðferðir sem miða að því að virkja barnið heima fyrir í rökræðum og öðrum þáttum sem skólinn metur mikils hafa áhrif á virkni nemenda þegar í skólann er komið⁹ og því þarf skólinn sérstaklega að huga að þeim nemendum sem ekki hafa fengið þess konar þjálfun.

Hins vegar hefur komið fram í erlendum rannsóknum¹⁰ að samskipti kennara við nemendur eru í þremur af hverjum fjórum tilfellum við drengi. Þessa miklu skekkju má skýra með því að strákar sem þykja til fyrirmyndar eða þeir sem uppfylla ekki skilyrði skólans um æskilega hegðun, viðhorf, eða námsgetu fá mikla athygli og viðbrögð. Algengara er að kennarar þekki drengi með nafni en stelpur og ávarpi þá með nafni.

Virkni og vinsældir mótast oft af ráðandi hugmyndum um karlmennsku og kvenleika. Þessar hugmyndir geta verið ólíkar eftir skólum og samsetningu nemendahópsins en mjög algengt er að valdastaða drengja mótist út frá íþróttahæfileikum, styrk, vinsældum hjá hinu kyninu, kynferðislegri frammistöðu, áhættuhegðun og óttaleysi. Strákar leggja oft mikla vinnu í að aðgreina sig skýrt frá því sem talið er kvenlægt því þeir fá helst neikvæða stimpla frá félögum ef athafnir þeirra falla ekki nægilega skýrt að ráðandi karlmennsku.¹¹ Þess vegna eiga strákar sem hafa áhugamál og lífsstíl sem er á skjön við ráðandi karlmennskuhugmyndir oft erfitt uppdráttar. Mjög mikilvægt er að skólinn vinni gegn slíkum fordómum og tryggi að fjölbreytilegar karlmennskuímyndir fái þrífist í skólanum.

Þrátt fyrir að fleiri stelpur en strákar séu skráðar í framhaldsskóla (53% árið 2009) er mismunandi eftir skólum hversu sýnilegar þær eru í félagslífi skólans en slík þátttaka er oft fyrsti vísir að frama í opinberu lífi. Skólablöð gefa mikilvægar upplýsingar um þá menningu sem er ráðandi innan hvers skóla.

Vissir þú að...

- ... einungis ein kona hefur verið formaður nemendafélagsins í nærri 40 ára sögu Verzlunarskóla Íslands og átta konur (7%) hafa verið formenn nemendafélagsins í rúmlega 100 ára sögu Menntaskólans í Reykjavík.
- ... MA eins og MR og Versló er einn af elstu framhaldsskólum landsins og á sér því svipaða sögu. Á síðustu 15 árum hafa stelpur oftast verið formenn nemendafélagsins eða 9 sinnum (60%).
- ... í spurningaþættinum Gettu betur hafa stelpur verið 5% keppenda í úrslitaliðum frá upphafi. MH er sá skóli sem oftast hefur haft stelpur í sínum liðum.¹²

Undirbúningur fyrir fjölskyldulíf

Allir þurfa að geta séð um sig sjálfir, tekið þátt í daglegum heimilisstörfum og mikilvægt er að þekkja grundvallaratriði um umönnun ungbarna. Samkvæmt lögum á að búa alla undir fjölskyldulíf en því hefur ekki verið fylgt markvisst eftir. Í könnun sem gerð var meðal nemenda í 10. bekk vorið 2006 kom í ljós að talsvert stór hópur nemenda hafa mjög hefðbundin viðhorf til verkaskiptingar á heimilum þótt forráðamenn vinni fulla vinnu utan heimilis. Þannig telja t.d. 39% stráka og 32% stelpna eðlilegt að eiginmaðurinn sjái um

Til umhugsunar

Ert þú í jafnréttissinnuðum skóla? Hvernig er félagslífið í þínum skóla? Sérðu eitthvert kynjamynstur í þátttöku?



fjármál heimilisins fremur en að hjónin skipti því jafnt á milli sín. Á hinn bóginn telja 54% stráka og 43% stelpna eðlilegt að eiginkonan sjái um þvottinn á heimilinu fremur en að hjónin skipti því jafnt á milli sín.¹³ Í íslenskri

Til umhugsunar

Hvernig ert þú undirbúin(n) undir einka- og fjölskyldulíf

a) af hálfu skólans?

b) af hálfu fjölskyldu þinnar?

- Eru einhverjar óskrifaðar reglur í þínum bekk/hópi um hverjir hafi forgang að ákveðnum leiksvæðum, íþróttavöllum, tölvustofum eða félagsaðstöðu?

viðtalsrannsókn við kennara kom fram að þeir teldu stráka síður en stelpur þurfa að taka að sér ábyrgðarhlutverk á heimilum varðandi heimilisstörf eða umönnun yngri systkina.¹⁴ Hins vegar hefur jafnrétti aukist, bæði með aukinni þátttöku stráka og með minni þátttöku stelpna í heimilishaldi. Aftur á móti virðast fleiri stelpur en strákar hafa neikvæðari viðhorf og minni þjálfun til að fást við tækni. Hvort tveggja tengist því að vera sjálfbjarga frá degi til dags. Því hefur verið bent á að nám er varðar uppeldi eða umönnun og almenna færni til að verða sjálfbjarga á heimili eigi heima í skyldunámi. Slíku námi hefur til dæmis verið komið á í Hollandi.

Aukið námsval í grunnskólum og framhaldsskólum


Sumir telja að aukið námsval muni enn frekar ýta undir kynbundið náms- og starfsval.¹⁵ Með auknu vali á unglíngastigi sem var innleitt 1999 voru list- og verkgreinar afnumdar í 9.–10. bekk sem skyldunám og gerðar valkvæðar. Bent hefur verið á að þessum fögum sé um leið sýnd

minni virðing. Þá sé enn síður hægt að tryggja undirbúning beggja kynja undir fjölskyldulíf ef heimilisfræði og upplýsingatækni eru valfög.¹⁶

Aðrir hafa bent á að mikil miðstýring á námskrám gefi skólum og kennurum of lítið svigrúm til að móta skólastarfið og auki hættuna á brottfalli og leiða hjá nemendum. Miðstýrð námskrá dragi einnig taum ráðandi menningarhópa. Samfara auknu vali nú hefur verið lögð ríkari áhersla á að virkja frekari náms- og starfsráðgjöf svo nemendur séu betur færir um að velja „rétt“.

Brottfall á framhaldsskólastigi hefur lengi verið kynjað og virðast strákar frekar hverfa frá námi en stelpur. Von margra er sú að brottfall eigi eftir að minnka við þessar breytingar. Í langtímarannsókn á brottfalli þeirra sem fæddir eru 1975 voru niðurstöður þær að 38% kvenna og 48% karla hafði ekki lokið lokaprófi úr framhaldsskóla við 24 ára aldur.¹⁹ Konum hefur fjölgað jafnt og þétt sem nemendum og kennurum frá því um 1970 og eru nú orðnar fleiri en karlar á framhalds- og háskólastigi.

■ Karlar
● Konur



Á mynd 5 sést vel hvernig kynin dreifast á mismunandi námsbrautir í framhaldsskólum. Í háskólum er það sama upp á teningnum. Þetta kynbundna námsval tengist hugmyndum um karlmennsku og kvenleika. Karlar eru

enn í miklum meirihluta í raungreinum og svokölluðum „karlagreinum“. Karlagreinar eru oft meira tengdar tækni og raunvísindum meðan kvennagreinar eru frekar tengdar við umhyggju og samskipti.

Vissir þú að...

... árið 2009 voru:

- konur 62% allra háskólanema²⁰
- karlar 11% skráðra nemenda í grunnskólakennaranámi við Háskóla Íslands (20/184)
- konur 30% skráðra nemenda í stærðfræðiskor Háskóla Íslands (6/20)²¹


Þessi skipting í karla- og kvennagreinar er athyglisverð og vekur upp margar spurningar um félagsmótun kynjanna. Sífelld fleiri konur hafa farið inn á svið karla en það sama gildir ekki um karla. Fræðimenn hafa leitað skýringa í virðingarmun milli hins kvenlæga og karllæga þar sem hið karllæga er skilgreint sem mikilvægara og verðmætara. Konur geta búið við meiri virðingu út á við fyrir að nema

Mynd 5: Haustið 2008 dreifðust nemendur í framhaldsskólum, 25.582 talsins, með þessum hætti (Hagstofa Íslands, 2009a).

í „karllægum“ fræðum. Karlar sem velja sér uppeldis- eða hjúkrunargreinar þurfa hins vegar frekar að réttlæta það fyrir sjálfum sér og öðrum.²² Þetta hefur meðal annars kristallast í því að þegar starfstéttir umbreytast úr karla- í

Til umhugsunar Vorið 2010 birtist frétt um valnámskeið í grunnskóla á Vesturlandi þar sem stelpum í unglingsátt var boðið að sækja snyrtinámskeið og fyrirlestur um ótímabæra þungun en strákar fengu námskeið um vinsælan tölvuleik.¹⁷ Ein stelpa í hópnum hafði meiri áhuga á tölvuleiknum en fékk ekki að velja út frá áhuga. Í kjölfarið var henni boðið af tölvufyrirtæki á kynningu á tölvuleiknum.¹⁸

■ Karlar
● Konur



Mynd 6: Háskólakennarar eftir starfsheimum. (Hagstofa Íslands, 2009a).

kvennastéttir breytist virðingarstaðan sem starfinu fylgir.²³

Höfuðvagi þekkingarsköpunar eru háskólar. Háskólakennarar vinna að rannsóknum og móta hugmyndir okkar um samfélagið og því er gríðarlega mikilvægt að fjölbreytilegur hópur fólks komi að því verki. Lektor, dósent og prófessor eru starfsheiti þeirra sem eru fastráðnir kennarar og rannsakendur í háskóla. Til að hljóta fastráðningu þarf yfirleitt að hafa lokið doktorsprófi. Starfsmenn vinna sig upp frá lektor í dósent og úr dósent í prófessor en prófessorar hafa mesta svigrúmið til

þekkingarsköpunar. Karlar eru 76,2% prófessora en konur 23,8% þeirra. Í hópi lektora er hlutfall kynjanna jafnast.

Varasamar fullyrðingar

Háværasta umræðan hin síðustu ár um kyn og skólastarf hefur snúist um árangur kynjanna á samræmdum prófum og í fjölbjóðlegum könnunum. Þar hafa íslenskar stelpur komið að jafnaði betur út en strákar. Árið 2003 vöktu 15 ára íslenskar stelpur mikla athygli á alþjóðlegum vettvangi þar sem þær urðu þær fyrstu til að mælast að meðaltali

Fullyrðing:

„Strákar læra allt öðruvísi en stelpur.“

„Strákum vegnar betur í samkeppnisumhverfi.“

„Konur njóta góðs af betri árangri í skóla þegar komið er út á vinnumarkaðinn.“

„Misgóður árangur meðal drengja stafar af því að konur eru í meirihluta kennaraliðsins.“

Staðreynd:

Mikill fjölbreytileiki ríkir innan sama kyns en strákar virðast frekar tengja slægan árangur við þætti sem þeir ráða ekki við (slæma kennslu, vondar prófspurningar, meðfædda hæfileika) á meðan stelpur tengja frekar slægan árangur við vinnubrögð/ástundun.²⁵

Samkeppnisumhverfi stendur oft strákum fyrir þrifum, sérstaklega ef samanburðurinn er neikvæður en það getur dregið úr viðleitni þeirra til að reyna.

Sjá kafla um vinnumarkað og þá staðreynd sem fram hefur komið að stelpur verða síður prófessorar en strákar.²⁶

Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að kvenkennarar hyggi frekar stelpum en strákum.²⁷ Hins vegar hlýtur að teljast æskilegt að karlar séu jafn virkir þátttakendur í uppeldi og menntun barna.

með hærri einkunn úr stærðfræðihluta PISA könnunarinnar. Þær brutu upp þá heimsmynd að strákar stæðu alls staðar að meðaltali betur að vígi í stærðfræði.²⁴ Umræðan sem skapaðist í kjölfarið um stelpur gegn strákum í samkeppni um einkunniról oft á staðalmyndum um kynin og hunsaði þann fjölbreytileika sem ríkir innan sama kyns.

Ávallt er mikilvægt að skoða kynin sem fjölbreyttan hóp. Sjálfsmýndarsköpun mótast af fleiri þáttum en kynferði, svo sem stétt, uppruna, fötlun og búsetu. Sá hópur sem virðist hvað síst njóta sín í skólanum, ef marka má tölur um líðan, einkunnir og brottfall, eru strákar úr lægri stéttum á meðan stelpur með svipaðan bakgrunn virðast ná betri árangri. Þetta mynstur er þekkt víðast hvar á Vesturlöndum.²⁸

Mikilvægi þess að fá fleiri karla til að vinna að uppeldi og menntun felst í að gefa börnum fjölbreyttari myndir af fullorðnum konum og körlum. Þær myndir sem mæta börnum og ungmennum í fjölmiðlum, auglýsingum, fatnaði, leikjum og svo framvegis bjóða oft upp á ofurkarlmennsku og ofurkvenleika.



Til umhugsunar Í könnun sem gerð var meðal nemenda í 10. bekk vorið 2006 kom í ljós að 31% stráka og 16% stelpna taldi fullt jafnrétti ríkja milli kynjanna í íslensku þjóðfélagi.²⁹ Hver er þín skoðun og hvemig rökstyður þú hana?

Örsaga


Þegar ég var á þriðja ári í MH ákvað ég að gera tilraun til að reyna að komast í ræðulið skólans. Ég snarhætti við þegar þjálfari liðsins sagði á ræðunámskeiði í skólanum: „Þú veist, stelpur geta eiginlega ekki verið í ræðuliðum, þær eru bara með svo skræka rödd skilurðu, að það er eiginlega óþægilegt að hlusta á þær í pontu“. Um vorið vann svo lið MA MORFÍS, skipað þremur stelpum og einum strák.

Erla (25 ára)

Vinumarkaður

Helstu heimildir:

Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson, 2008; Forsætisráðuneytið, 2004; Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1995; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004; Hagstofa Íslands, 2004; Ingólfur V. Gíslason and Guðný Björk Eydal, 2008; Jafnréttisstofa, 2009; Kristín Jónsdóttir, 2007; Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008; Norræna ráðherranefndin, 1997.



Þriðji kafli

Konur og karlar hafa alla tíð verið virkir þátttakendur í atvinnulífinu og er atvinnuþátttaka íslenskra kvenna sú mesta innan iðnríkjanna (OECD). Þó er atvinnuþátttaka þeirra heldur minni en karla. Hlutföllin eru samt sem áður nokkuð jöfn í flestum aldurshópum. Minnsti munurinn er hjá ungu fólki og mestur hjá þeim sem eldri eru.

Karlar vinna fleiri vinnustundir utan heimilis en konur. Á meðan flestir karlar eru í fullu starfi er um þriðjungur kvenna í hlutastarfi en konum í fullu starfi fer sífellt fjölgandi.

Vissir þú að ...

... Íslendingar eiga Evrópumet í barneignum, eða 2,14 barn á konu árið 2008 í stað 1,5 að meðaltali innan Evrópusambandsins?³⁰

Karlmennska og kvenleiki í ljósi sögunnar

Gamlar og rótgrónar hugmyndir um hefðbundin hlutverk kvenna og karla eru enn mótandi þáttur á vinnumarkaði þrátt fyrir gjörbreyttar aðstæður. Hugmyndir um **karlmennsku** og **kvenleika** eru ótrúlega rótgrónar. Það kemur skýrast fram hjá fólki þegar stofnað er til sambúðar, hjúskapar og/eða fjölskyldu. Þrátt fyrir jákvæðar breytingar á þátttöku karla við eldamennsku, þrif og uppeldi bera konur enn hitann og þungann af heimilisstörfum og barnauppeldi samkvæmt nýjum rannsóknnum.³¹ Algengt er að þær sinni enn hinum hefðbundnu húsmóðurhlutverkum að viðbættum skyldum á vinnumarkaði. Þótt vinnutími karla hafi styst verulega á undanförunum árum finnst mörgum atvinnurekendum enn sjálfsagt að karlar vinna langan vinnudag, yfirvinnu og jafnvel helgarvinnu. Margir karlar sitja fastir í hlutverki fyrirvinnu heimilisins, m.a. vegna hærri launa. Fæðingarorlofið sem foreldrar geta skipt á milli sín hefur þegar haft þau áhrif að staða kynjanna hefur jafnast á vinnumarkaði hvað varðar ráðningar í stöður en það hefur ekki dregið úr kynbundnum launamun. Vonast er til að fæðingarorlof feðra komi smátt og smátt til með að breyta viðteknum hugmyndum. Nú þykir sjálfsagt að feður taki fæðingarorlof og

Til umhugsunar

Hver er fyrirvinna á þínu heimili? Hugtakið fyrirvinna er í raun úrelt í íslensku nútímasamfélagi þrátt fyrir að það sé enn notað. Það felur í sér að tekjur eins fjölskyldumeðlims sjái fyrir fjölskyldunni. Einstæðar mæður eru stærsti hópur þeirra sem vinna fyrir heimilinu. Þær eru margfalt fleiri en einstæðir feður og jafnframt fleiri en þeir karlar sem sjá einir fyrir fjölskyldum sínum.³³ Er því ekki óraunhæft að tengja hugtakið við karla eingöngu?

Til umhugsunar

Hvað myndi gerast ef farið væri að meta vinnu á heimilum til launa?

vonandi fylgir styttri vinnutími utan heimilis og launajafnrétti kynjanna í kjölfarið í samræmi við jafnari ábyrgð foreldra á heimili og börnum.

Þegar heildarvinnutími kynjanna, bæði inn á heimilinu og utan þess, er skoðaður er hann nokkuð svipaður. Almenn heimilisstörf; þrif, matargerð og barnaumönnun eru þó ekki metin til launa og vinnan því sem næst ósýnileg einkum vegna þess að hún er hvorki mæld né metin sem framlag til samfélagsins.


Til umhugsunar

Í viðhorfskönnun frá 2003 kemur fram að yfirgnæfandi meirihluti telur að jafnrétti sé ábótavant í íslensku samfélagi en meirihluti þess hóps telur samt jafnrétti ríkja á sínum vinnustað.³² Hvað skýrir þetta misræmi?

Kynskiptur vinnumarkaður

Þrátt fyrir miklar breytingar er vinnumarkaður á Íslandi mjög **kynskiptur**. Konur vinna í ákveðnum störfum sem fáir karlar sinna og öfugt. T.d. eru mjög fáir karlar leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar, miklu færri en í mörgum öðrum löndum. Fáar konur vinna aftur á móti við byggingar- og þungaiðnað.

Starfsstéttir þar sem annað kynið er í miklum meirihluta, að jafnaði miðað við 2/3 hluta, eru oftast kallaðar kvenna- eða karlastéttir. Segja má að skrifstofufólk og kennarar séu kvennastétt (87%) og véla- og vélgæslufólk (95%) og sérhæft iðnaðarstarfsfólk (87%) sé



Mynd 7: Heildarmánaðarlaun karla og kvenna í fullu starfi eftir starfsgreinum 2008.³⁴

karlastétt. Jafnari kynskiptingu er að finna hjá sérfræðingum, sérmenntuðum og hjá ósérhæfðu starfsfólki. Í kvennastéttum eru laun að jafnaði lægri en í karlastéttum. Af hverju er þetta svona? Er mikilvægara að sinna vélum en börnum?

Launamunur kynjanna

Þegar laun kvenna og karla eru skoðuð kemur í ljós að konur hafa úr minna fjármagni að moða en karlar.

Annar mælikvarði á launamun kynjanna er hinn svokallaði leiðrétti kynbundni launamunur. Þegar talað er um leiðréttan mun er átt við þann mun á launum karla og kvenna sem ekki verður útskýrður með ólíkri menntun, aldri, starfsaldri, starfshlutfalli, starfsstétt, yfirvinnu og vaktaálagi kynjanna. Þessi launamunur mældist 16,3% árið 2008.³⁶

Til umhugsunar

Hvaða ástæðu telur þú vera fyrir mismun á launum kynjanna?

Lögin gera ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 manns setji sér **jafnréttisáætlun**. Jafnframt er kveðið á um að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og njóti sömu **kjara** fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.³⁷

Vissir þú að ...

... tekjur kvenna voru að meðaltali um 66% af tekjum karla árið 2008. Þessi tekjumunur útskýrist að nokkru leyti af því að konur vinna færri vinnustundir í launavinnu en karlar og hefðbundin kvennastörf eru metin til lægri launa en hefðbundin störf karla?³⁵

Örsaga


Ég var að þjóna til borðs á veitingahúsi þegar ég var 17 ára. Þarna voru eingöngu stelpur að þjóna nema einn strákur var nýbyrjaður. Inni í eldhúsi hékk listi með lágmarkstímakaupi þjóna. Eitt kvöld stöndum við nokkrar og skoðum listann. Strákurinn kemur að, lítur á listann og segir: „Rosalega eruð þið á lágu kaupistelpur!“ „Nú?“ segjum við, „en ekki þú?“ Strákurinn svarar fullur hroka: „Haldið þið virkilega að ég væri að vinna hér ef ég væri á sömu launum og þið?“

Jóhanna B. (22 ára)

Áhrifastöður

Einn af grundvallarþáttum í lýðræðislegu þjóðfélagi er sá að ákvarðanir, skipulag og lög byggja á og endurspeglu jafnt reynslu og þekkingu kvenna og karla. Það eru sjálfsögð mannréttindi að þátttaka kvenna, á sviði stjórn mála og við stjórnun fyrirtækja, sem og annars staðar þar sem ráðum er ráðið, sé til jafns

Í janúar 2010 voru kynjahlutföll í embættum svona:
 6 konur og 6 karlar í ríkisstjórn
 27 konur og 36 karlar á Alþingi
 2 konur og 7 karlar hæstaréttardómarar
 8 konur og 28 karlar sendiherrar





við karla. Áhrifastöður veita fólki völd, áhrif og ábyrgð. Konum sem gegna áhrifastöðum hér á landi hefur farið fjölgandi á síðustu áratugum. Þær hafa meðal annars gegnt embætti forseta Íslands, forsætisráðherra, borgarstjóra og bæjarstjóra víða um land.

Á mynd 9 sést að þrátt fyrir lagaleg réttindi s.s. kosningarétt kvenna og kjörgengi, (réttur til að sitja á Alþingi), hafa tiltölulega fáar konur setið á þingi. Árið 1971 sátu í fyrsta skipti þrjár konur samtímis á Alþingi eða 5% þingmanna. Hlutfallið var óbreytt fram til

ársins 1983 þegar Kvinnalístinn bauð fram í fyrsta skipti. Þá þrefaldaðist hlutfall kvenna á Alþingi, þingkonur urðu níu eða 15% þingmanna. Því má segja að framboð Kvinnalístans hafi verið **sértæk aðgerð**, til að auka hlut kvenna á þingi, sem hafi skilað miklum árangri.³⁸

Fyrsta konan varð ráðherra árið 1970. Fram til 1999 sat ýmist ein eða engin kona í ríkisstjórn. Árið 1999 varð sú breyting að ríkisstjórnin var skipuð þrem konum og níu körlum.³⁹ Við ríkisstjórnarmyndun í febrúar 2009 varð kynjahlutfallið í fyrsta skipti jafnt,





Til umhugsunar Veist þú um dæmi þess að strákum og stelpum séu greidd mismunandi laun í sumarvinnu?

fimm konur og fimm karlar. Eftir kosningar í apríl sama ár breyttust hlutföllin. Fimm konur settust í ríkisstjórn og sjö karlar en staðan varð aftur jöfn haustið 2009.

Vissir þú að ...

- ... 19% framkvæmdastjóra íslenskra fyrirtækja eru konur og 22% stjórnarformanna?⁴⁰
- ... konur eru 5% einstaklinga í stjórnnum fyrirtækja sem eru skráð á hlutabréfamarkaði?⁴¹
- ... karlar eru 97,2% stjórnarmanna í hlutafélagunum 15 sem mynda úrvalsvisitölu Kauphallar Íslands?
- ... konur eru 21% þeirra sem eiga fyrirtæki og hefur hlutfallið aukist um 7% á sl. 9 árum?

Lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (nr. 2/1995) var breytt í mars 2010 þannig að atvinnurekendur ber að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.⁴² Hlutur kvenna og karla skal ekki vera minni en 40% í stjórnnum einkahlutafélaga og hlutafélaga þar sem stjórnarmenn eru fleiri en þrír. Fyrirtæki hafa tíma til ársins 2013 til að uppfylla skyldur laganna.

Örsaga


„Já hann er ljúfur drengur ...“ sagði amma kærustu minnar er hún frétti að ég ynni við aðhlynningu á Elliheimili. Vegna þess að ég er strákur og vinn við aðhlynningarstarf hlýtt ég að vera extra góður strákur. Konurnar þrjátíu sem ég vinn með, þær eru bara að vinna vinnuna sína, en ég er ljúfur drengur.

Karl Steinar (25 ára)

Fjölmiðlar

Helstu heimildir:

Anna Lilja Þórisdóttir, 2009; Elva Björk Sverrisdóttir, 2010; Katrín Anna Guðmundsdóttir, 2010; Klara Kristín Arndal, 2009; Kristín Ása Einarsdóttir, 2008; Margrét Valdimarsdóttir, 2005; María H. Marinósdóttir og Viktoría Rut Smáradóttir, 2008; Menntamálaráðuneytið, 2001; Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2004



Fjölmiðlar eru stór þáttur í lífi fólks í lýðræðisríkjum. Þeir hafa ekki aðeins að markmiði að miðla upplýsingum heldur eru þeir einnig vettvangur umræðu, skoðanaskipta og afþreyingar. Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar efni til almennings og lýtur ritstjórn, svo sem sjónvarp, útvarp, dagblöð, tímarit og netmiðlar.⁴³ Fjölmiðlar hafa mótandi áhrif á hegðun, skoðanir og viðhorf og hvernig fólk skilur stöðu sína í samfélaginu og samfélagið sjálft. Þeir hafa áhrif á það sem telst markverðast hverju sinni.

Undanfarna áratugi hefur konum í fjölmiðlastétt fjölgað, en þær eru enn sem komið er afar fáséðar meðal æðstu stjórnenda fjölmiðla. Í ársbyrjun 2010 var engin kona í æðstu ritstjórnarstöðu á stærstu fréttamiðlum landsins. Karlar í slíkri stöðu voru tíu talsins. Þegar næstráðendur voru skoðaðir kom í ljós að konur voru um þriðjungur þeirra. Átta af hverjum tíu yfirmönnum á helstu fréttaritstjórnnum landsins voru á þessum tíma karlar.⁴⁴

Til umhugsunar Hvaða áhrif telur þú að það geti haft á dagskrá og umfjöllun fréttamiðla ef konur jafnt sem karlar eru í æðstu stjórnunarstöðum?

Kynjahlutföll í fréttatengdu efni

Litlar breytingar virðast hafa orðið á kynjahlutfalli í fréttum og fréttatengdu efni. Í rannsókn sem gerð var árið 2005 var kynjahlutfallið í fréttum og í fréttatengdum þáttum Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 tekið til skoðunar. Í ljós kom að konur birtust á skjánum í tæplega þriðjungu tilfella. Einnig kom í ljós munur á því hversu oft þær voru sýndar og hversu oft var rætt við þær. Þegar um var að ræða bein viðtöl voru konur eingöngu fimmtungur viðmælenda, en það hlutfall hefur haldist nánast óbreytt síðasta áratuginn. Árið 2005 skar Kastljósið sig þó úr með konur í meirihluta.

Í rannsókn frá árinu 2008 á kynjahlutfalli í rafrænum fréttamiðlum, mbl.is og visir.is, kom í ljós að staðan var svipuð. Ef miðað var við allt efni á mbl.is og visir.is komu konur við sögu í tæplega þriðjungu tilfella. Áhugavert var að sjá að töluverður munur reyndist vera á milli miðlanna þar sem hlutfallið á visir.is var enn hærra körlum í vil

Kynjahlutfallið er þó ekki það eina sem vert er að skoða í sambandi við fjölmiðlaumfjöllun. Ýmsar erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að töluverður munur er á umgjörð viðtala eftir kyni viðmælenda. Þannig er oftast rætt við karla á vinnustað en konur. Dæmið

Til umhugsunar Í fréttum sjónvarpsstöðvanna voru fréttamenn kvenkyns í 31% tilfella en rætt var við konur í 22% tilvika.⁴⁵

Vissir þú að ...

... á mbl.is koma konur fyrir í 28% tilfella en á visir.is í 14% tilfella?

... í íþróttafréttum miðlanna tveggja er fjallað um konur í 8% tilfella en íþróttafréttirnar eru vinsælasta efni þeirra?

... konur koma oftast fyrir í fréttavefjum undir efnisflokknum slúður og karlar oftast undir efnisflokknum íþróttir?⁴⁶

snýst við þegar kemur að heimilum en þar er oftast rætt við konur en karla. Íslensk rannsókn frá 2005 sýnir að sama tilhneiging er til staðar hér á landi.⁴⁷ Sama rannsókn leiðir í ljós að aldur kvenna og karla er mismunandi í fréttum og fréttatengdum þáttum. Konur eru hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 20-34 ára en hjá körlum snýst þetta við og hlutfallslega fleiri karlar eru í aldurshópnum eldri en 34 ára. Þetta má setja í samhengi við rannsóknir sem leiða í ljós að karlar virðast eftirsóknarverðara fjölmiðlaefni eftir því sem þeir eldast en öfugt hjá konum. Þær

virðast eftirsóknarverðari á skjánum fyrir 34 ára aldur.

Hópurinn sem stendur að verkefninu *Who Makes the News* hefur sett fram eftirfarandi markmið:

- Að auka þátttöku og aðgengi kvenna, bæði að ákvarðanatöku og til að láta rödd þeirra heyrast í fjölmiðlum og miðlum sem byggja á tækninýjungum í samskipum.
- Stuðla að því að birtingarmyndir kvenna í fjölmiðlum séu byggðar á jafnræði og lausar við staðalmyndir.⁴⁸

Stjórn málaumfjöllun


Oft er því er haldið fram að hlutfall kynjanna í fjölmiðlum endurspeglir einfaldlega samfélagið og þátttöku kvenna og karla í opinberu lífi. Valdamesta fólk landsins sé karlar og því eðlilegt að haft sé samband við þá. Þetta kann að eiga við rök að styðjast í vissum tilfellum en þó ekki öllum. Í fyrrnefndri rannsókn á rafrænu miðlunum kom í ljós að konur voru viðmælendur undir málaflokknum stjórn mála í aðeins 15% tilfella þó þær hafi verið 33% alþingismanna á þeim tíma.

Fyrir Alþingiskosningarnar vorið 2009 var gerð rannsókn⁴⁹ á því hvernig karlar og konur í framboði birtust í umfjöllun

Til umhugsunar Alþjóðleg rannsókn á fréttum og fréttaumfjöllun leiddi í ljós að í um helmingi tilvika ýtti fréttaumfjöllun undir ríkjandi staðalmyndir um kynin á meðan innan við ein af hverjum tíu fréttum setti spurningamerki við þær.⁵⁰

Fréttablaðsins og Morgunblaðsins, mánuðinn fyrir kosningar, 24. mars–24. apríl. Skoðaðar voru fréttir sem fjölluðu um kosningarnar og kosningabaráttuna.

Í 38% fréttu Fréttablaðsins var rætt bæði við konur og karla og í 45% fréttu Morgunblaðsins. Eins og sjá má á myndinni ræddu bæði blöðin mun meira við karla í framboði en konur.



Mynd 10: Hlutfall þeirra karla og kvenna sem Fréttablaðið og Morgunblaðið ræddu við þegar ekki voru bæði kyn í einu úr röðum frambjóðenda 2009 en þá var framboð karla og kvenna nánast jafnt (Anna Lilja Þórisdóttir, 2009).

Dægurmenning

Í fjölmiðlum virðast **staðalmyndir** kvenna og karla byggja á gömlum hugmyndum um hin **hefðbundnu kynhlutverk**. Þar eru birtingamyndirnar oft og tíðum einhæfar og íhaldssamar. Raunveruleikinn er sá að þátttaka kvenna á hinu opinbera sviði og karla á einkasviðinu hefur stórkæmt. Staðalmyndir í fjölmiðlum hafa verið gagnrýndar, ekki einungis fyrir að sýna ekki konur og karla í sínum margbreytilegu hlutverkum, heldur einnig fyrir að byggja á óraunhæfum útlitkröfum þar sem ímyndum eru oft og tíðum breytt með aðstoð tölvutækninnar.

Á síðustu árum hefur töluvert verið rætt um aukningu á klám- og kynlífsvæðingu samfélagsins í tengslum við dægurmenninguna. Hlutverk kynjanna eru alls ekki þau sömu í þessum efnum. Meira ber á því að konur séu í þjónustuhlutverki við karla í klámvæðingunni heldur en öfugt. Þetta hefur áhrif á væntingar, bæði okkar og annarra, til okkar sjálfra. Rannsóknir hafa leitt í ljós að klámvæðingin hefur skaðleg áhrif á samfélagið. Hún dregur úr kynheilbrigði og getur meðal annars leitt til aukningar á kynferðisofbeldi og kvenfyrirlitningu.

Í nýlegri rannsókn á tveimur íslenskum kvennatímaritum, Nýju lífi og Vikunni, var meðal annars skoðað hvaða birtingarmyndir kvenna koma fram og hvort þær byggja á ákveðnum staðalmyndum.⁵¹ Niðurstaðan var sú að konur eru nær undantekningarlaust tengdar við einkalífið, sama hvað þær gera í lífinu eða hverju þær hafa áorkað. Þó er áherslan á stærkar og dugmiklar konur. Nokkuð var um að konur væru settar í fórnarlambshlutverkið, en einnig í hlutverk fegurðardrottninga og mæðra.

Til umhugsunar Sjónvarp og frægar hetjur í kvikmyndum eru fyrirmyndir sem hafa mikil áhrif á hvernig strákar og stelpur telja sig eiga að vera. Hvaða myndir og persónur hafa verið þínar helstu fyrirmyndir?

Vissir þú að ...

... næstum jafn margar konur og karlar buðu sig fram til Alþingis 2009 eða 45% konur og 55% karlar?

... kynjahlutfall í fjórum efstu sætum allra lista var nánast jafnt?

... konur voru í fyrsta sæti á 30% framboðslista fyrir Alþingiskosningarnar 2009 en 70% listanna voru leiddir af körlum?

Undanfarin ár hafa blogggarar rutt sér til rúms í þjóðmálaumræðunni. Áhugavert er að skoða lista vefgáttar á borð við blogggtáttina. Á lista sem gáttin birtir þann 19. júlí 2010 yfir 25 vinsælustu blogggin í vikunni⁵² eru einungis tveir kvenkyns blogggarar. Þrjú blogg tilheyra fréttamiðlum eða öðrum safnmiðlum, en 20 nafngreindir karlkyns blogggarar eru á listanum.

Auglýsingar

Auglýsingar hafa það yfirlýsta markmið að hafa áhrif á hegðun okkar. Við sjáum og heyrum gífurlegan fjölda auglýsinga á degi hverjum. Þess vegna er mikilvægt að þjálfra sig í að greina og túlka auglýsingar.


Til eru margar leiðir til að greina auglýsingar. Hægt er telja fjölda kvenna og karla sem birtast í auglýsingum og í hvaða hlutverkum þau birtast. Einnig er hægt að kafa dýpra ofan í merkingu auglýsinga og skoða þær út frá því félagslega- og menningarlega hlutverki sem þær gegna. Til dæmis er hægt að skoða auglýsingar út frá valdatengslum á milli kynjanna eða hvort þar birtast myndir sem hafa áhrif á hugmyndir okkar um kynin.⁵³

Rannsóknir benda til þess að á síðustu árum hafi markaðssetning og auglýsingar ýtt undir klám- og kynlífsvæðingu samfélagsins. Í nýrri viðtalsrannsókn⁵⁴ þar sem tekin voru viðtöl við stjórnendur og starfsmenn auglýsingastofa kemur fram að þeim finnst þeir sífellt þurfa að dansa á mörkum hins leyfilega til að ná athygli neytenda. Þetta var sérstaklega áberandi í umræðu um auglýsingar til ungs fólks. Mörkin sem dansað var á voru ekki til þess fallin að ýta undir margbreytileika eða brjóta upp staðalmyndir heldur mun frekar til að festa viðteknar hugmyndir um hlutverk og eðli kynjanna í sessi.

- Til umhugsunar** Val okkar, hugsanir og ákvarðanir myndast ekki í tómarúmi því veruleikinn sem við lifum í hefur afgerandi áhrif á okkur. Hvers konar hugmyndir um kynin má lesa úr þeim auglýsingum sem birtast um þessar mundir í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum?
- Hvaða áhrif telur þú að þær hafi á smekk þinn og neysluvenjur?

Helstu heimildir:


Landlæknisembættið, 2008; Lýðheilsustöð, 2009; Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009; Ríkislögreglustjórnin, 2008; Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006.



Góð heilsa er gulli betri. Því er mikilvægt að hugsa vel, bæði um andlega og líkamlega heilsu. Undanfarnir 30 ár eru Íslendingar almennt farnir að ná hærri aldri en áður og er þá sagt að lífaldur fólks hafi lengst. Einnig hefur bilið milli lífaldurs kvenna og karla minnkað. Á árunum 1971–1975 lifðu konur að meðaltali 5,9 árum lengur en karlar. Árið 2007 lifðu þær 3,5 árum lengur. Lífslíkur karla hafa aukist um 7,8 ár frá árinu 1971 en lífslíkur kvenna um 5,4 ár á sama tímabili.

Hin kynbundna þversögn í heilsufari

Þó að konur á Íslandi lifi að öllu jöfnu lengur en karlar eru vísbendingar um að heilsa þeirra sé að sumu leyti verri en karla. Konur fá frekar ýmsa sjálfsöfnæmissjúkdóma, gigt og langvinna sjúkdóma svo sem beinþynningu. Þær nota heilbrigðisþjónustuna í meiri mæli en karlar, eru sendar í fleiri rannsóknir, fá oftast sjúkdómsgreiningu og fá oftast ávísun á lyf. Þessi staðreynd er stundum kölluð hin kynbundna þversögn í heilsufari. Munurinn fer þó sífellt minnkandi með hækkandi aldri.



Mynd 11: Lífslíkur við fæðingu frá 1971–2007 (Hagstofa Íslands, 2009a).

Hreyfing er grunnur að góðu líkamlegri heilsu. Íþróttaiðkun beggja kynja er almennust í aldurshópnum 10–14 ára og stunda allmargir fleiri en eina íþróttagrein, einkum strákar. Eftir 15 ára aldur æfa strákar meira en stelpur.

Vissir þú að ...

- ... á aldrinum 15-16 ára æfa 59% stráka og 53% stelpna íþróttir með íþróttafélögum?
- ... þar af æfa 44% stráka og 37% stelpna þrisvar sinnum í viku eða oftast?
- ... stelpur eru jafnframt um 40% þeirra sem æfa svo til á hverjum degi?⁵⁵

Vissir þú að...

... þunglyndi er algengara hjá konum en körlum og er munurinn meiri hjá yngra fólki en því eldra? Ekki er þó fullvíst að um líffræðilegar orsakir sé að ræða fyrir þeim mun og jafnvel talið að félagslegir þættir og mismunandi aðstæður kvenna og karla í samfélaginu hafi þar áhrif.⁵⁷

Ýmis skilaboð eru undirliggjandi í menningu karla sem hafa slæm áhrif á heilsu þeirra og skerðir lífslíkur. Meðal þeirra má nefna hugmyndir um dugnað og hreysti, svo og upphafningu á áhættu hegðun og í sumum tilfellum árársarhneigð. Sumir karlar stunda þannig vinnu að henni fylgja álagssjúkdómar og

Til umhugsunar Hvers vegna hætta stelpur fyrr í íþróttum en strákar?

- Af 190 stúlkum sem stunduðu knattspyrnu í 4. og 5. flokki í upphafi árs voru 98 hætta í árslok. Helstu ástæður voru: Meiðsli, of tíðar æfingar og í þriðja sæti kom áhugaleysi um íþróttina.⁵⁶

hætta á vinnuslysum. Algengara er að þeir eigi við áfengis- og fíkniefnavanda að etja en konur. Einnig falla karlar oftast fyrir eigin hendi. Þessir neikvæðu þættir í tilveru karla eru stundum nefndir: gjald **karlmennskunnar**. Eitt helsta markmið **jafnréttisbaráttu** sem snýr að körlum er að draga úr þessum fórnarkostnaði.

Lífsstíll og neysla

Í ljós hefur komið að neysluvenjur kynjanna eru ólíkar og það hefur áhrif á heilsufar. Konur borða til dæmis mun meira af grænmeti og ávöxtum en karlar og þeir borða meira af kjöti en konur.

Heilsa óháð holdarfari

Allir eiga rétt á heilbrigði, hamingju og velferð óháð líkamsvexti. Undanfarin ár hefur mikil áhersla verið á þyngd í opinberri umræðu. Áhersla á þyngd í stað heilsufars getur hins

kosti. Fegurð og manngildi koma fyrir í öllum stærðum og gerðum.⁵⁹

Konum og körlum yfir kjörþyngd hefur fjölgað hlutfallslega á síðustu árum, körlum þó í meiri mæli. Þrátt fyrir það er mun algengara að konur þrói með sér átröskunarsjúkdóma og finnist þær of þungar.

Vissir þú að ...

Sá sem glímir við átröskun, lystarstol (anorexia nervosa) og lotugræðgi (bulímía), hugsar látlaust um mat og þyngd sína? Lystarstol einkennist af

Til umhugsunar Um 3% íslenskra stráka og 5% íslenskra stelpna á aldrinum 15-16 ára eru of létt miðað við hæð sína.

- Rúmur helmingur þessa hóps telur þyngd sína hins vegar vera í lagi.
- 4% of léttra stráka og 11% of léttra stelpna telja sig vera of þung og eru að reyna að léttast enn meira.⁶⁰

vegar leitt til þess að fólki líður illa eða leitar óheilbrigðra leiða til að léttast. Til að viðhalda góðri líkamlegri og andlegri heilsu er gott að stunda reglulega og ánægjulega hreyfingu sem eykur lífsþrótt, hreysti og vellíðan ásamt því að borða hollan og næringarríkan mat.⁵⁸

Í hnotskurn er heilsa óháð holdarfari samkvæmt vefnum likamsvirding.is:

- Að bæta heilsu—áhersla á tilfinningalega, líkamlega og andlega velferð án áherslu á þyngdartap eða „kjörþyngd“.
- Að bæta sjálfs- og líkamsmynd—að bera virðingu fyrir dásamlegum fjölbreytileika líkamsvaxtar í stað þess að keppa að hinni „réttu“ þyngd eða líkamslögun.
- Að njóta þess að borða—að borða samkvæmt innri merkjum hungurs og saðningar, matarlystar og næringarþarfar hvers og eins í stað þess

miklu þyngdartapi og næringarskortu þar sem fólk neitar sér um orkuríka fæðu en lotugræðgi (bulímía) einkennist af því að svelta sig um skeið, en taka að því loknu átkast þar sem mikið magn af fæðu er innbyrt á skömmum tíma. Sjúklingurinn losar sig svo við fæðuna að loknu átkastinu með því að framkalla uppköst eða nota hægðalyf.

Reykingar og áfengisdrykkja

Dregið hefur úr reykingum hjá báðum kynjum á undanförunum árum. Hærra hlutfall karla en kvenna reykja í öllum aldurshópum fyrir utan hópinn 15-19 ára. Kynin drekka svipað magn af léttu víni en karlar drekka meira magn af bjór og sterkum áfengum drykkjum. Allir þessir þættir hafa áhrif á heilsu.

Meirihluti 10. bekkinga í grunnskólum á Íslandi var reyklaus árið 2007 eða um 20% fleiri en áratug áður og færri fíktuðu við reykingar.

Til umhugsunar Um 20% nemenda í 10. bekk árið 2007 höfðu reykt en ekki síðustu 30 daga.

- 20% stráka og 16% stelpna í 9. og 10. bekk hafa prófað að nota munntóbak eða neftóbak.⁶¹

að fylgja utanaðkomandi matarplönum, reglum, boðum og bönnum.

- Að njóta þess að hreyfa líkamann—að stunda reglulega og ánægjulega hreyfingu sem eykur lífsþrótt, hreysti og vellíðan í stað þess að hreyfa sig fyrst og fremst í þeim tilgangi að grennast.
- Að sporna gegn fitufordómum—að gera sér grein fyrir því að líkamsstærð og þyngd segja ekki til um matarvenjur, hreyfingu, persónuleika eða mann-


Vissir þú að...

... samkvæmt niðurstöðum Evrópsku vímuefnarannsóknarinnar ESPAD 2007 reykja um 11% íslenskra unglunga daglega og er hlutfallið lítið eitt hærra meðal stelpna en stráka? Svipaða sögu er að segja af unglingum á Norðurlöndunum og í flestum löndum Norður-Evrópu. Í mörgum löndum Austur- og Suður-Evrópu reykja hins vegar allt að tvöfalt fleiri strákar en stelpur.⁶²

Dregið hefur úr áfengisneyslu meðal unglunga á síðustu árum og þeir sem á annað borð hefja neyslu gera það síðar en áður. Samkvæmt niðurstöðum Evrópsku vímuefnarannsóknarinnar ESPAD á 15 ára unglingum er Ísland eitt af þremur löndum í Evrópu þar sem stelpur eru oftast ölvadaðar en strákar. Hin löndin eru Noregur og Svíþjóð. Það eru sterk tengsl milli mikillar áfengisneyslu og þess að byrja snemma að stunda kynlíf. Af þeim hópi 10. þekkinga sem aldrei hafa orðið drukknir hafa aðeins 1 eða 2 af hverjum 10 sofið hjá. Af þeim sem hafa orðið drukknir tíu sinnum eða oftast hafa hins vegar 8 eða 9 af hverjum tíu gert slíkt hið sama.⁶³

Til umhugsunar Meðal þeirra 15–16 ára sem höfðu sofið hjá sögðust þrír af hverjum fjórum hafa notað einhverjar getnaðarvarnir síðast. Flestir þeirra höfðu notað smokk eða bæði getnaðarvarnarpillu og smokk. Fram kom að 12% strákanna vissi yfirhöfuð ekki hvort einhverjar getnaðarvarnir hafi verið notaðar.⁶⁸

Vissir þú að...
 ... á árinu 2008 voru 97 einstaklingar sem voru 17 ára á Vogu í áfengis- og fíkniefnameðferð, þar af 63 strákar og 34 stelpur.⁶⁴




Kynheilbrigði
 Kynheilbrigði er það að lifa heilbrigðu kynlífi. Heilbriggt kynlíf er mikilvægt fyrir alla einstaklinga. Það felur meira í sér en það að nota getnaðarvarnir og vera laus við kynsjúkdóma. Það er líka kynheilbrigði að geta talað saman um kynlíf og ábyrgð í kynlífi. Að tala saman skiptir mestu máli í heilbrigðu kynferðislegu sambandi.

Mikilvægt er að tjá sig um væntingar og mörk. Kynheilbrigði byggir á sjálfsþekkingu; að þekkja líkama sinn og tilfinningar. Í stuttu máli má segja að kynheilbrigði felist í að vera andlega, líkamlega og tilfinningalega viss um eigin afstöðu og þarfir í kynlífi.⁶⁵
 Grundvallarþáttur til að viðhalda kynheilbrigði er að virða rétt einstaklings til kynfrelsis svo lengi sem hann gengur ekki á rétt annarra og bera virðingu fyrir mismunandi tilfinningum og væntingum. Mikilvægt er að ungt fólk velti fyrir sér og meti áhrif fjölskyldu, trúarbragða, menningar, fjölmiðla og ýmissa félagslegra skilaboða á eigin viðhorf til kynheilbrigðis.⁶⁶ Fordóma og staðalmyndir ætti að skoða með gagnrýnum

huga. Ýmislegt í menningu okkar virðist t.d. ýta undir gagnkynhneigðarrembu þrátt fyrir að umburðarlyndi gagnvart hommum og lesbíum hafi aukist á síðustu árum.⁶⁷

Getnaðarvarnir og ófrjósemisaðgerðir
 Mikilvægt er að unglingar láti ekki pressa sig til að byrja að stunda kynlíf áður en þeim finnst þeir vera tilbúnir til þess. Í rannsókninni Heilsa og lífskjör skólanema sem gerð var árið 2006 kom fram að 72% stráka og



Mynd 12: Árið 2008 voru gerðar 339 aðgerðir á körlum en 181 á konum. Árið 1990 voru hins vegar 28 ófrjósemisaðgerðir framkvæmdar á körlum en 543 á konum (Landlæknisembættið, 2010).

63% stelpna á aldrinum 15-16 ára höfðu aldrei sofið hjá, sem er líklega mun hærra hlutfall en margir unglingar gera sér í hugarlund.

Ungt fólk hefur ýmsa möguleika til að stjórna frjósemi og barneignum. Smokkar eru algengasta getnaðarvörn ungs fólks en fleira kemur til greina. Margvíslegar getnaðarvarnir eru til fyrir konur.

Vissir þú að...

... upplýsingar um 13 getnaðarvarnir eru í bæklingi frá Landlækniseimbættinu og á vefnum.⁶⁹

Undanfarin ár hefur orðið viðhorfsbreyting til ófrjósemisaðgerða. Fyrir nokkrum árum fóru mun fleiri konur í slíkar aðgerðir en karlar en nú eru þeir orðnir virkari en áður í því að stjórna barneignum. Ófrjósemisaðgerðir eru hættuminni á körlum en konum en öllum er óheimilt að fara í þær áður en 25 ára aldri er náð.

Kynsjúkdómar

Algengasti kynsjúkdómur meðal Íslendinga er klamydía sem konur geta borið einkennislaust. Ómeðhöndluð sýking getur haft í för með sér eggjaleiðarabólgu og minnkaða frjósemi síðar á ævinni. Besta vörn gegn smiti kynsjúkdóma er að nota smokka við allar tegundir samfara. Notkun smokksins minnkar líkur á smitun kynsjúkdóma sem aðrar getnaðarvarnir gera ekki.

Ofbeldi og árásarhegðun

Eftirsóknarvert markmið í uppeldi ungs fólks er að draga úr árásarhegðun Langflestir þeirra sem gerast sekir um minniháttar líkamsárás eru 20–24 ára. Þegar þessi hópur er skoðaður eftir kynjum koma fram ólíkar niðurstöður. Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem fremja þessi brot en þeir eru 90% brotamanna. Flestir karlkyns brotamenn eru á aldrinum 20–24 ára en hjá konum 15–19 ára. Af þeim líkamsárásurum sem lögreglan telur „minniháttar“ voru brotamenn í 77% tilfella karlar árið 2008.

Þær líkamsárásir sem teljast stórfelldar eða meiriháttar falla undir hegningarlög. Þær voru 214 talsins árið 2008. Flestar þeirra eiga sér stað utandyra (41%), á skemmti- og veitingastöðum (28%) og í íbúðarhúsnæði (19%). Alvarlegum líkamsárásurum sem verða utandyra fer fjölgandi milli ára og að sama skapi fækkar þeim sem verða í íbúðarhúsnæði. Þetta er frábrugðin dreifing miðað við greiningu á vettvangi minniháttar líkamsárása. Sama kynja- og aldursmynstur á einnig við um alvarlegar líkamsárásir.

Til umhugsunar Samtals greindust 1.834 klamydíutilfelli árið 2008 og er sýkingin algengust meðal fólks á aldrinum 15–29 ára.

- Á árinu 2008 greindust 26 einstaklingar með lekanda. Árið 2005 fór að bera á fjölgun tilfella og síðan þá hafa tilfellin flest orðið 31 á ári.⁷⁰

Vinna og heilsa

Stéttarfélög leggja áherslu á forvarnir og heilsuefningu. Þau greiða mörg hver fyrir læknismeðferð og sjúkrahjálfun en vinnustöðum er ætlað að draga úr hættu á atvinnutengdu heilsutjóni og slysum og stuðla þannig að vellíðan karla og kvenna.

Réttur þinn er að vera ekki látin(n) vinna störf sem:

- eru þér ofviða, líkamlega eða andlega
- gera það að verkum að þú komist í snertingu við eitrefni eða krabbameinsvaldandi efni
- gera það að verkum að þú getir orðið fyrir geislun
- fela í sér mikinn hita, hávaða eða titring
- fela í sér áhættu vegna skorts á reynslu eða þjálfun.⁷¹

Helstu heimildir:

Kristín Ása Einarsdóttir 2008; Kvennaathvarfið 2004; Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008; Margrét Valdimarsdóttir 2005; María H. Marinósdóttir og Viktoría Rut Smáradóttir 2008; Stígamót 2008; Þórdís Elva Þorvaldsdóttir 2009.



Hugtakið kynbundið ofbeldi er notað um ofbeldi sem karlar beita konur svo sem nauðganir, mansal, vændi, ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðislega áreitni og klám. Ofbeldið miðar að því að lítillækka, hlutgera og/eða ráða yfir öðrum einstaklingi án tillits til vilja eða líðan þess sem fyrir því verður. Áður en lengra er haldið skal tekið fram að fæstir karlar beita konur ofbeldi eða telja það réttlætanlegt. Þótt konur séu í meirihluta þolenda og karlar mikill meirihluti ofbeldismanna eru til dæmi um að fólk af báðum kynjum verði fyrir kynbundnu ofbeldi.

Kynferðisofbeldi gagnvart börnum

Kynferðisofbeldi gegn barni er misnotkun eldri einstaklings á líkamlegu og andlegu þroskaleysi barns til að fá það til þátttöku í kynferðislegu athæfi. Sum börn búa við kynferðislegt ofbeldi. Ofbeldismenn eru í flestum tilfellum nákomnir ættingjar, vinir fjölskyldunnar eða einhverjir sem barnið þekkir og treystir. Ekkert getur réttlætt að fullorðið fólk notfæri sér börn í kynferðislegum tilgangi. Börn eru með öllu ófær um að skilja athæfið og geta þar af leiðandi aldrei verið krafín um samþykki sitt. Auk þess er valdamunur á milli fullorðinnar manneskju og barns alltaf of mikill til að mögulegt sé að tala um að vilji beggja sé fyrir hendi. Ofbeldismaðurinn reynir þó að öllum líkindum að réttlæta athæfið fyrir sjálfum sér og barninu. Barn sem er beitt eða býr við kynferðislegt ofbeldi þarf á hjálp að halda. Hægt er að leita til fullorðinnar manneskju sem það treystir eða til samtaka eins og Stígamóta og á Neyðarmóttöku vegna nauðgana á Landspítala og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Einnig má hringja í 112.

Kynferðislegt athæfi getur falist í:

- Orðum eins og kynferðislegu tali til barns, ýmist í eigin persónu eða í gegnum tölvu/síma/eða önnur samskiptatæki.
- Myndbirtingum eins og að sýna barni klámefni eða taka klámfengnar myndir/myndskeið af barninu.
- Kynferðislegum snertingum og/eða kynmökum.

Kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem hún beinist að. Hún hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé í skyn að hegðunin sé óvelkomin.

Mikilvægt er því að láta vita ef manni finnst gengið of langt og ræða það við sína nánustu ef upp kemur óþægileg aðstaða sem gæti flokkast sem áreitni.

Klám

Í fræðibókum er klám skilgreint sem hvert það efni sem lýsir, sýnir eða samþykkir kynferðislega niðurlægingu eða misnotkun á fólk. Fólk sem sýnt er á þann hátt er oftast konur. Í klámi er kynlífi blandað saman við misnotkun og niðurlægingu á konum. Hvorki nekt né kynfæri eru mælikvarði á það hvort kvikmynd, ljósmynd eða eitthvað athæfi geti talist klám. Skilgreiningin snýst um sjónarhorn og hvernig manneskjan, nektin og/eða kynfærin eru sýnd.

Mikilvægt að gera greinarmun á klámi og kynlífi. Í kynlífi eiga bæði kynin að vera jafningjar. Konur eru kynverur jafnt og karlar og þar af leiðandi jafn miklir þátttakendur. Brýnt er að konur viti að þær eiga að hafa vald til að velja og hafna í samskiptum við hitt kynið.

Örsaga

Ég sat ásamt vinkonu minni í rökkrinu á Broadway, syfjuð eins og alltaf eftir miðnætti og þráaðist við að fara heim. Þetta var síðasta árhátíðin í Kennó og einhvern veginn fannst mér eins og hún ætti að vera eitthvað sérstök. Tveir menn gáfu sig á tal við okkur, sögðust vera sjómenn og hefðu komið á árhátíðina því það væri fátt annað við að vera á fimmtudögum. Ég nenni lítið að spjalla við þá en annar þeirra kannaðist við vinkonu mína svo þau fóru að spjalla. Hinn settist við hliðina á mér og varð mjög pirraður yfir að ég nenni lítið að tala við hann. Til að fá athygli tók hann ítrekað harkalega aftan í hnakkann á mér og reif í snyrtilega uppspennt hárið. Ég ýtti honum í burtu og endaði með því að hvæsa á hann. Hann stóð upp og fimm mínútum síðar kom hann aftan að mér, greip fast utan um mig og setti hendurnar í kross þannig að lúkurnar gripu utan um brjóstin á mér. Hann sleppti ekki átakalaust og ég þurfti að rífa mig lausa með því að gefa honum harkaleg olnbogaskot í magann. Síðasta árhátíðin í Kennó var búin. Bráðum yrði ég kennari. Ég fór heim.

Kata (25 ára)

Spornað við vændi

Á Alþingi Íslendinga hafa verið tekin tvö mikilvæg skref til að sporna við því aukna vændi og mansali sem orðið hefur í vestrænum samfélögum. Fyrsta skrefið var samþykkt laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr.19/1940 þar sem kaup á vændi eru gerð refsiverð. Í lögum segir að hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Löggjöfin miðast við að sporna við sölu á kynlífi, enda sé óásættanlegt að líta á mannlíkamann sem söluvöru. Ábyrgðin er talin

karlmennsku. Samkvæmt þeim áttu konur að vera siðprúðar og gæta þess að senda ekki „villandi skilaboð“, til dæmis með klæðaburði eða með því að koma sér í varasamar aðstæður. Sömuleiðis fela úreltar karlmennskuhugmyndir í sér að karlar hafi svo óstjórnlega kynhvöt að við vissar kringumstæður missi þeir stjórn á hegðun sinni og ráði ekki við sig. Þessar hugmyndir eru skaðlegar báðum kynjum, ósanngjarnar gagnvart konum og niðurlægjandi fyrir karla. Þær gefa í skyn að konur séu ekki frjálsar kynverur og að karla skorti dómgreind og sjálfsstjórn.

Til umhugsunar Á vefnum logregla.is kemur fram að árið 2008 var tilkynnt um 368 kynferðisbrot.

hvíla á herðum kaupandans en ekki seljandans, þar sem aðstöðumunur þeirra sé ávallt mikill. Kaupandinn hefur val í krafti peninga en seljandi oft og tíðum ekki.

Næsta skref var samþykkt laga um breytingu á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald þar sem gert er ráð fyrir fortakslausu banni við því að bjóða upp á nektarsýningar eða að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Nauðgun

Þegar manneskju er nauðgað er gróflega ráðist inn í líkama hennar og persónu og réttur hennar yfir eigin líkama vanvirtur. Í rannsóknum hefur komið fram að ofbeldismennirnir réttlæta ódædisverk sín með ýmsum hætti. Þeir segja að þolandinn hafi boðið upp á árásina með daðri, klæðaburði, ölvunarastandi eða einfaldlega með því að vera á staðnum. Mikilvægt er að átta sig á því að ekkert réttlætir það að manneskja sé svipt frelsi og réttinum yfir eigin líkama. Konur jafnt sem karlar ráða yfir eigin líkama.

Afleiðingar nauðgunar eru margþættar og oft langvarandi og því nauðsynlegt fyrir þolendur að leita sér aðstoðar eins fljótt og auðið er hjá Neyðarmóttöku vegna nauðgunar eða lögreglu. Möguleikar til öflunar sakargagna eru meiri því fyrr sem hjálpar er leitað og þess vegna er mikilvægt að gera það strax.

Þekkt er að fórnarlambið finni sjálft til sektarkenndar og telji sig jafnvel eiga einhverja sök á árásinni. Þessa hugsunarvillu má rekja til rótgróinna hugmynda um kvenleika og

Stígamót og Aflið

Árið 2009 leituðu 210 einstaklingar til Stígamóta í fyrsta sinn; en 110 einstaklingar leituðu þangað vegna nauðgunar og afleiðinga hennar. Ofbeldismennirnir í málunum voru karlar í nánast öllum tilfellum. Árið 2009 komu 324 einstaklingar í viðtal til Aflsins á Akureyri sem eru samtök gegn kynferðisofbeldi á Norðurlandi.⁷²

Heimilisofbeldi – Ofbeldi í nánum samböndum

Tilhneigingu til ofbeldis má, oft og tíðum, greina frá upphafi sambands. Hún byrjar hægt þar sem ofbeldismaðurinn reynir að ráðskast með maka sinn með afbrýðisemi og kæfandi umhyggju. Einangrun frá vinum og fjölskyldu er oft skýrt byrjunareinkenni heimilisofbeldis og sömuleiðis þegar annar aðillinn í sambandinu er farinn að stjórna fatavali og skoðunum hins aðilans, svo dæmi sé nefnt. Þótt algengara sé að karlar beiti slíku ofbeldi er ekki óþekkt að konur geri það. Mikilvægt er að þolandi heimilisofbeldis leiti sér aðstoðar eins fljótt og auðið er. Afleiðingar ofbeldissambands er lélegt sjálfsmat, lært hjálparleysi og brotin sjálfsmynd. Erfitt er fyrir manneskju, sem þannig er ástatt um, að binda endi á sambandið jafnvel þótt það valdi henni óhamingju. Brýnt er að fólk sem finnur fyrir ofbeldistilhneigingu hjá sér leiti sér aðstoðar hjá fagfólki áður en tilhneigingin ágerist og verður að mynstri innan sambandsins.

Ný rannsókn á ofbeldi í nánum samböndum leiðir í ljós að tíðni ofbeldis mælist mjög svipuð hér á landi og í öðrum löndum. Um það bil fjórða hver kona verður

Til umhugsunar Kvennaathvarfið er með símaráðgjöf allan sólarhringinn í síma **561 1225** og þar er hægt að komast í ókeypis viðtöl. Hvers vegna er þörf á þessu?

á ævi sinni fyrir kynbundnu ofbeldi af hálfu kærasta, sambýlismanns/maka eða fyrrverandi sambýlismanns/maka. Kynbundið ofbeldi vegur að grundvallarmannréttindum og mannhelgi og meðan það er við lýði verður jafnrétti kynjanna ekki náð.

Nokkrar staðreyndir um heimilisofbeldi:

- Skráðar komur í Kvænnaathvarfið voru 605 árið 2009. Af þeim komu 487 í viðtöl en 118 konur komu í dvöl og höfðu þær 60 börn með sér. Fimmtungur kvennanna kærði ofbeldið til lögreglunnar.⁷³
- Verkefnið Karlar til ábyrgðar miðar að því að hjálpa mönnum, sem beitt hafa ástvini sína ofbeldi, að læra aðferðir til að hemja ofbeldishneigð sína.

Upplýsingagjöf og aðstoð

Aflið: Samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi

Heimilisfang: Brekkugötu 34, 600 Akureyri.

Sími: 461 5959

Vefsíða: www.aflidak.is

Netfang: afl@akmennt.is

Aflið býður upp á símaþjónustu allan sólarhringinn, einstaklingsviðtöl og hópastarf. Það sinnir einnig fræðslu- og forvarnarstarfi.

Blátt áfram

Heimilisfang: Hlíðarhjalla 63, 200 Kópavogur.

Sími: 533 2929

Vefsíða: www.blattafram.is

Netfang: blattafram@blattafram.is

Tilgangur Blátt áfram samtakanna er að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi.

Kvænnaathvarf

Sími: 561 1205

Vefsíða: www.kvænnaathvarf.is

Netfang: kvænnaathvarf@kvænnaathvarf.is

Kvænnaathvarfið er athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna. Athvarfið er einnig fyrir konur sem hafa orðið fyrir nauðgun. Kvænnaathvarfið býður upp á símaráðgjöf allan sólarhringinn, ókeypis viðtöl og sjálfshjálparhópa.

Kvænnaráðgjöfin

Heimilisfang: Hallveigarstöðum við Túngötu 14, 101 Reykjavík.

Sími: 552 1500

Vefsíða: www.kvænnaradgjofin.is

Netfang: radgjof@kvænnaradgjofin.is

Kvænnaráðgjöfin veitir ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir konur. Við Kvænna- ráðgjöfina starfa félagsráðgjafar og lögfræðingar í sjálfboðavinnu. Opnunartímar eru þriðjudaga frá kl. 20–22 og fimmtudaga frá kl. 14–16.

Neyðarmóttaka vegna nauðgana

Heimilisfang: Landspítala-háskólasjúkrahúsi,

slysa- og bráðadeild, Fossvogi, Reykjavík

Sími: 543 2000

Vefsíða: www.landspitali.is/pages/14553

Einnig er starfrækt neyðarmóttaka á

slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri

Sími: 463 0800

Starfsfólk Neyðarmóttökunnar hlynnir að og aðstoðar konur og karla sem orðið hafa fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar. Tilgangur hennar er að draga úr eða koma í veg fyrir andlegt og líkamlegt heilsutjón sem iðulega er afleiðing kynferðislegs ofbeldis. Einnig fá brotápolur skoðun samkvæmt réttarfarslegum kröfum um sönnunarbyrði, sem styrkir stöðu þeirra sem íhuga að kæra brotið til lögreglu.

Stígamót


Heimilisfang: Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík

Símar: 562 6868 og 800 6868

Vefsíða: www.stigamot.is

Netfang: stigamot@stigamot.is


Stígamót eru ráðgjafar- og stuðningsmiðstöð fyrir konur og karla, sem hafa verið beitt hvers kyns kynferðisofbeldi, og aðstandendur þeirra. Þangað leitar einnig fólk, frá 18 ára aldri, vegna ofbeldis sem það hefur verið beitt í æsku eða á fullorðinsárum. Boðið er upp á einstaklingsviðtöl og hópastarf.



Stjórnkerfi jafnréttismála

Jafnrétti kynjanna er bundið í lög og í 65 gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kyns, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“.

Félags- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn jafnréttismála á Íslandi. Hann skipar framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, þrjá í kærunefnd jafnréttismála og ellefu fulltrúa í Jafnréttisráð. Þessar stofnanir vinna eftir lögum nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.



Mynd 13:

Stjórnkerfi jafnréttismála á Íslandi

Jafnréttisstofa



Jafnréttisstofa

Verkefni Jafnréttisstofu eru meðal annars þau að sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi og veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna. Einnig á hún að vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði og vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök.

Kærunefnd jafnréttismála

Einstaklingar og félagasamtök, sem telja að ákvæði laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla hafi verið brotin á sér geta leitað til kærunefndar jafnréttismála. Verkefni kærunefndar er að taka erindi til meðferðar og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði laga þessara hafi verið brotin. Erindi þurfa að berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að ætlað brot átti sér stað eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot.

Ef kærunefnd jafnréttismála telur að ákvæði laganna hafi verið brotin beinir hún rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Hægt er að fara með mál til dómstóla hvort sem kærunefnd jafnréttismála hefur haft málið til meðferðar eða ekki.

Jafnréttisráð



JAFNRÉTTISRÁÐ

Jafnréttisráð er stjórnvöldum til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna með áherslu á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla (nr. 10/2008)

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Lögin eiga að tryggja að allir einstaklingar hafi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Til þess að lögin nái tilgangi sínum eru lögfestar nokkrar leiðir að settum markmiðum þeirra.

Í lögnum eru meðal annars eftirfarandi skyldur lagðar á atvinnurekendur:

- Atvinnurekendur eiga að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.
- Fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn er gert skylt að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið inn í starfsmannastefnu sína.
- Atvinnurekendur eiga að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar.
- Atvinnurekendur eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.
- Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka eiga að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað í stofnun, félagsstarfi eða skólum.

Í lögnum eru skýr ákvæði um launajafnrétti og rétt til lausra starfa:

- Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda á að greiða jöfn laun og bæði kyn eiga að njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.
- Starf sem er laust til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

Samkvæmt lögnum er mismunun á grundvelli kynferðis bönnuð:

- Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna konum og körlum í launum og öðrum kjörum á grundvelli kyns.
- Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kyns. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn,

vinnuáðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

- Ef leiddar hafa verið að því líkur að einstaklingum hafi verið mismunað á grundvelli kyns þarf atvinnurekandi að sýna fram á að aðrar ástæður en kyn hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Félög sem vinna að jafnrétti kynja

Femínistafélag Íslands

Heimilisfang: Pósthólfi 4065, 124 Reykjavík.

Vefsíða: www.feministinn.is

Netfang: feministinn@feministinn.is.

Femínistafélagið er umræðuvettvangur og baráttutæki íslenskra femínista. Félagið er frjáls og óháður vettvangur sem hefur það að markmiði að efla gagnrýna og femíníska umræðu á öllum sviðum þjóðlífsins. Markmið félagsins er meðal annars að vinna gegn hverskonar birtingarmyndum kynjamisréttis, þar með talið klámvæðingu, ágengum og litilsvirðandi auglýsingum, ofbeldi, mansali og vændi, sem og að uppræta staðalmyndir um hlutverk og eðli kvenna og karla.

Félag um foreldrajafrétti

Heimilisfang: Pósthólfi 706, 121 Reykjavík.

Sími: 691 8644

Vefsíða: www.foreldrajafrretti.is

Netfang: stjorn@foreldrajafrretti.is

Stefna Félags um foreldrajafrétti er að tryggja foreldrajafrétti í reynd, bæði til forsjár og umönnunar, með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Karlar til ábyrgðar

Heimilisfang: Fiskislóð 75, 101 Reykjavík

Sími 555 3020

Vefsíða: www.karartilabyrgdar.is

Netfang: ivg@hi.is

Karlar til ábyrgðar er eina sérhæfða meðferðaúrræðið hérlendis fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum. Um er að ræða einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum.

Kvenréttindafélag Íslands

Heimilisfang: Hallveigarstöðum við Túngötu 14, 101 Reykjavík.

Sími: 551 8156

Vefsíða: www.krfi.is

Netfang: krfi@krfi.is

Kvenréttindafélag Íslands vinnur að því að bæta réttindi kvenna. Félagið var stofnað árið 1907 á heimili Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og var hún fyrsti formaður félagsins.

Í átt að jafnrétti kynjanna – annáll 1850–2010

- 1850 – Dætur fá jafnan erfðarétt á við syni. Þær fengu áður einn þriðja hluta arfs.
- 1869 – Fyrsta kvenfélag landsins stofnað í Rípuhreppi í Skagafirði.
- 1874 – Kvennaskólinn í Reykjavík stofnaður. Skólastýra frá stofnun og til 1906 var Þóra Melsteð.
- 1875 – Thorvaldsensfélagið stofnað. Það vann að bættum kjörum kvenna og góðgerðarmálum. Thorvaldsensbasarinn sem enn starfar var stofnaður 1901.
- 1879 – Í tímaritinu Framfara sem út kom í Kanada birtist í fyrsta sinn smásaga eftir konu. Höfundur var Torfhildur Hólm sem fyrst Íslendinga gerðist atvinnurithöfundur.
- 1882 – Ekkjur og ógiftar konur sem „áttu með sig sjálfar“ fengu kosningarétt en ekki kjörgengi til sveitarstjórna, sókna- og sýslunefnda.
- 1885 – Kona birtir í fyrsta sinn grein í blaði. Það var Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem skrifaði greinina „Nokkur orð um réttindi og menntun kvenna“ undir dulnefninu Æsa.
- 1886 – Stelgur fá rétt til að stunda nám og taka próf í Lærða skólanum, eina menntaskóla landsins.
- 1887 – Bríet Bjarnhéðinsdóttir flytur opinberan fyrirlestur fyrst kvenna um „hagi og réttindi kvenna“.
- 1889 – Bók Elínar Briem *Kvennafræðarinn* kemur út. Hún er ein mest selda bók íslenskrar konu sem komið hefur út.
- 1894 – Hið íslenska kvenfélag stofnað. Það var fyrsta félagið sem hafði kvenréttindi á stefnuskrá sinni. Helsta forystukona þess framan af var Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir.
- 1895 – Tvö kvennablöð hefja göngu sína. Framsókn á Seyðisfirði undir ritstjórn Sigríðar Þorsteinsdóttur og Ingibjargar Skaptadóttur og Kvennablaðið í Reykjavík sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út. Kvenréttindakonan Ólafía Jóhannsdóttir gengst fyrir stofnun Hvíta bandsins sem var bindindisfélag kvenna og síðar góðgerðarfélag.
- 1897 – Elínborg Jacobsen lýkur stúdentsprófi fyrst kvenna frá Lærða skólanum.
- 1900 – Giftar konur fá rétt til að ráða yfir eigin tekjum og séreignum.
- 1902 – Konur með kosningarétt til sveitastjórna, samkvæmt lögum frá 1882, fá kjörgengi.
- 1904 – Kvenfélagið Hringurinn stofnað. Það lagði mikið af mörkum til góðgerðarmála, meðal annars reisti það berklahæli og safnaði síðar stórfé til Barnaspítala Hringins. Fyrsti formaður þess var kvenréttindakonan Kristín Vídalín Jacobsen. Menntaskólinn í Reykjavík tekur við af Lærða skólanum og er opnaður stúlkum.
- 1907 – Kvenréttindafélag Íslands stofnað. Formaður þess frá stofnun og til 1927 var Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Eiginkonur kjósenda fá rétt til að kjósa og bjóða sig fram til sveitarstjórna í Reykjavík og Hafnarfirði. Fiskverkakonur í Hafnarfirði fara í verkfall og fá samdægurs launahækkun. Fyrsta verkfall kvenna sem vitað er um hér á landi.
- 1908 – Margrét Eiríksdóttir í Haga er fyrsta konan sem verður formaður ungmennafélags sem starfaði fyrir bæði konur og karla. Sérstakur kvennalisti vinnur stórsigur í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík. Fjórar konur kjörnar bæjarfulltrúar fyrstar íslenskra kvenna. Að listanum stóðu öll helstu kvenfélög bæjarins.
- 1909 – Allar konur á Íslandi frá kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna.
- 1909 – Ásta Árnadóttir lýkur meistaraþrófi sem húsamálari fyrst Íslendinga.
- 1911 – Konur fá jafnan rétt og karlar til alls náms, styrkja og opinberra embættu.
- 1912 – Kristólína Guðmundsdóttir Kragh lýkur fyrst kvenna prófi í hárgreiðslu.
- 1914 – Verkakvennafélagið Framsókn stofnað í Reykjavík. Það var fyrsta félag kvenna sinnar tegundar á landinu.
- 1915 – Konur eldri en 40 ára fá rétt til að kjósa og bjóða sig fram til Alþingis. Jafnframt fékk stór hópur fátækra karla kosningarétt.
- 1917 – Kristín Ólafsdóttir lýkur læknisnámi við Háskóla Íslands fyrst íslenskra kvenna. Bandalag kvenna stofnað. Að því stóðu mörg kvenfélög í Reykjavík og kom það mikið við sögu kvennabaráttunnar á næstu árum. Halldóra Bjarnadóttir hefur útgáfu tímaritsins Hlínar á Akureyri og í Reykjavík gefur Inga Lára Lárusdóttir út kvenréttindablaðið 19. júní.
- 1917 – Konur frá jafnan rétt á við karla yfir börnum sínum.
- 1920 – Konur hljóta sama rétt og karlar til að kjósa og bjóða sig fram til Alþingis.
- 1921 – Ný hjónabandslöggjöf samþykkt sem tryggði jafnrétti hjóna að flestu leyti.
- 1922 – Ingibjörg H. Bjarnason skólastýra Kvennaskólans í Reykjavík kjörin á þing fyrst íslenskra kvenna. Hún var í framboði fyrir kvennalista.
- 1926 – Björg Þorláksdóttir Blöndal ver doktorsritgerð fyrst íslenskra kvenna. Björg varði ritgerðina við Sorbonneháskóla í París.
- 1928 – Mæðrastyrksnefnd stofnuð. Hlutverk hennar var að styðja fátækar ekkjur og einstæðar mæður. Nefndin er enn starfandi.
- 1929 – Anna Gunnarsdóttir lýkur prófi frá Bændaskólanum á Hvanneyri fyrst kvenna.
- 1930 – Kvenfélagasamband Íslands stofnað. Að því stóðu flest öll kvenfélög landsins. Eitt mesta baráttumál kvenna kemst í höfn. Landspítalinn tekur til starfa í lok ársins en konur höfðu safnað til hans miklu fé. Fljótlega hefst kennsla í hjúkrun.
- 1931 – Katrín Thoroddsen lækni heldur fyrst allra opinberan fyrirlestur um „Frjálsar ástir. Erindi um takmarkanir barneigna“ og vakti það mikla athygli. Það var síðar gefið út.
- 1935 – Auður Auðuns lýkur prófi í lögfræði fyrst íslenskra kvenna.
- 1940 – Halldóra Briem lýkur prófi sem arkitekt í Svíþjóð fyrst íslenskra kvenna.
- 1948 – Hannibal Valdimarsson alþingismaður leggur fram frumvarp til laga um jafnrétti kynjanna. Það var fellt þar sem ekki væri búið að rannsaka nægilega vel hvort kynjunum væri mismunað.
- 1952 – Erna Hjaltalín var fyrsta konan sem tók atvinnuflugmannspróf en var eini útskriftarneminn sem ekki fékk vinnu hjá íslenska flugfélaginu, Loftleiðum, meðan allir karlarnir urðu fastráðnir flugmenn.
- 1957 – Hulda Jakobsdóttir tekur fyrst kvenna við starfi bæjarstjóra á Íslandi. Hún var bæjarstjóri í Kópavogi.
- 1959 – Auður Auðuns verður borgarstjóri í Reykjavík fyrst kvenna. Geir Friðbergsson útskrifast sem hjúkrunarfræðingur fyrstur karlanna á Íslandi.
- 1960 – Birgir Karlsson var fyrsti karlmaðurinn sem ráðinn var sem flugbjónn hjá íslensku flugfélagi, Loftleiðum. Selma Jónsdóttir ver doktorsritgerð við Háskóla Íslands fyrst kvenna.

- 1961 – Samþykkt lög um launajafnrétti karla og kvenna.
- 1963 – Sigrún Helgadóttir lýkur fyrri hluta prófi í verkfræði fyrst íslenskra kvenna.
- 1969 – Margét Guðnadóttir skipuð prófessor í læknisfræði við Háskóla Íslands fyrst kvenna.
- 1970 – Rauðsokkahreyfingin stofnuð. Hún beitti sér fyrir jafnrétti kynjanna í hvívetna og beitti róttækum aðgerðum. Hreyfingin gaf út tímaritið Forvitin rauð. Auður Auðuns verður ráðherra fyrst kvenna.
- 1972 – Elma Guðmundsdóttir var fyrst kvenna til að gegna formennsku í héraðssambandi, var formaður Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands ÍA.
- 1974 – Auður Eir Vilhjálmisdóttir vígð prestur þjóðkirkjunnar fyrst íslenskra kvenna.
- 1975 – Samþykkt lög um þriggja mánaða fæðingarorlof fyrir allar konur. Kvennaár Sameinuðu þjóðanna. Á Lækjartorgi var haldinn fjölmennasti útifundur Íslandssögunnar og vakti hann heimsathygli. Kvennasögusafn Íslands stofnað á heimili Önnu Sigurðardóttur í Reykjavík við upphaf kvennaársins. Samþykkt lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Þar með voru fóstureyðingar heimilaðar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eftir miklar umræðu og deilur.
- 1976 – Jafnréttislög samþykkt og Jafnréttisráð stofnað.
- 1977 – Ásta Hallgrímsdóttir var fyrsta konan sem var ráðin sem flugmaður til flugfélags, Eyjaflugs Bjarna Jónssonar í Vestmannaeyjum. Ástbjörg Gunnarsdóttir varð fyrsti formaður sérsambands íþróttafélags, Fimleikasambands Íslands.
- 1980 – Vigdís Finnbogadóttir kjörin forseti Íslands. Hún var fyrsta konan í heimi sem kjörin var þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum.
- 1982 – Kvinnalisti boðinn fram af Kvannaframboðinu í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík og á Akureyri. Tvær konur voru kjörnar á hvorum stað. Konum í sveitarstjórnnum fjölgaði úr 6% í 12%. Stofnuð Samtök um kvennaathvarf. Umræðan um ofbeldi gegn konum var að hefjast og var kvennaathvarf opnað undir lok ársins. Tímaritið VERA hefur göngu sína.
- 1983 – Kvinnalisti boðinn fram í þremur kjördæmum við Alþingiskosningar. Hann fékk þrjár konur kjörnar. Konum á Alþingi fjölga úr 5% í 15%.
- 1984 – Sigríður Einarsdóttir er fyrsta konan sem verður flugmaður í millilandaflugi hjá íslensku flugfélagi, Flugleiðum. Konur verða meirihluti nýnema í Háskóla Íslands.
- 1986 – Guðrún Erlendsdóttir verður hæstaréttardómari fyrst kvenna.
- 1988 – Guðrún Helgadóttir verður forseti sameinaðs þings fyrst kvenna.
- 1989 – Stígamót stofnuð og miðstöð til aðstoðar þeim sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi opnuð næsta ár.
- 1990 – Rannsóknastofa í kvennafræðum er stofnuð við Háskóla Íslands.
- 1991 – Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, skipaði nefnd um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari verkaskiptingu og fjölskylduábyrgð. Sigríður Snævarr verður sendiherra fyrst kvenna.
- 1993 – Neyðarmóttaka vegna nauðgana stofnuð. Kvinnakirkjan stofnuð.
- 1995 – Eftirfarandi ákvæði bætt í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“
- 1996 – Þar af sama kyni fær rétt til að búa í staðfestri samvist. Nám hefst í kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- 1998 – Bríet, félag ungra femínista stofnað. Guðfinna Bjarnadóttir verður fyrsti rektor við Háskólann í Reykjavík og þar með fyrst kvenna til að gegna rektorsstöðu á háskólastigi.
- 2003 – Feður fá sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði. Slík löggjöf er nánast einsdæmi í heiminum. Femínistafélag Íslands stofnað. Karlahópur Femínistafélagsins stendur í fyrsta sinn fyrir átaki gegn nauðgun á útihátíðum.
- 2005 – Kristín Ingólfssdóttir kjörin rektor, fyrst kvenna, við Háskóla Íslands.
- 2007 – Helga G. Guðjónsdóttir varð fyrst kvenna formaður Ungmennafélags Íslands á 100 ára afmæli þess. Líney Rut Halldórsdóttir var fyrsta konan sem gegndi stöðu framkvæmdastjóra Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.
- 2008 – Ný jafnréttislög samþykkt með ýmsum nýjungum. Elín Sigfúsdóttir verður bankastjóri fyrst kvenna. Mismunun gagnvart samkynhneigðum útrýmt úr lögum nema hvað varðar giftingu í kirkju.
- 2009 – Fyrsta ríkisstjórn mynduð þar sem hlutfall karla og kvenna var jafnt, fimm konur og fimm karlar. Kaup á vændi gert refsivert. Jóhanna Sigurðardóttir verður forsætisráðherra fyrst kvenna.
- 2010 – Samþykkt breyting á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald þar sem gert er ráð fyrir fortakslausu banni við því að bjóða upp á nektarsýningar eða að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Lög um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja samþykkt í hlutfallinu 40/60. Breytingar á hjúskaparlögum tóku gildi þar sem fólki er gert frjálst að giftast einstaklingi af sama kyni. Hommum og lesbíum voru þar með tryggð sömu réttindi og öðrum.

Hugtakaskýringar

Bein kynbundin mismunun: Þegar einn einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar af gagnstæðu kyni við sambærilegar aðstæður.

Eðlishyggja í tengslum við kynferði felur í sér þá hugmynd að kynin fæðist með ólíka eiginleika og skapgerð. Kynjunum er þá stillt upp sem andstæðum og alhæft um eiginleika þeirra sem eru af sama kyni oft út frá staðalmyndum sem byggir á gömlum hugmyndum um kynhlutverk. Sem dæmi er algengt að tala um móðureðli kvenna, að konur fæðist tilfinninganæmari og umhyggjusamari frá náttúrunnar hendi en karlar séu árásgjarnari og virkari í eðli sínu.

Femínisti er kona eða karl sem veit að jafnrétti kynjanna er ekki náð og vill gera eitthvað í því.

Gagnkynhneigðarremba: Þetta hugtak hefur verið notað sem þýðing á hugtökunum heterosexismi og hómófóbía. Heterosexismi felst í því að gera ekki ráð fyrir annarri kynhneigð en gagnkynhneigð en hómófóbía getur birst í einfaldri hræðslu við hið óþekkt á samkynhneigð og tvíkynhneigð en líka í opnu hatri og fyrirliðningu á hommum og lesbíum.⁷⁴

Hefðbundin kynhlutverk vísa í hugmyndir um hlutverk kvenna og karla frá fyrri tíð. Talið var að hæfileikar og skyldur kvenna lægju fyrst og fremst í húsmóður-, uppeldis- og umönnunarhlutverkum en karlar gegndu skyldum sem fjölskyldufæður og fyrirvinnur. Hugmyndir um sérstök kynhlutverk fyrirfinnast alls staðar en þau eru breytileg frá einu samfélagi til annars og frá einu tímabili til annars. Á tímum iðnbýltingar þróuðust kynhlutverk. Konur sáu um einkasviðið það er að segja heimili og uppeldi barna en karlar sáu um opinbera sviðið, atvinnulíf og stjórnmal. Vart þarf að taka fram að þessi kynskipting hefur breyst á undanförunum áratugum.

Jafnrétti: Hugtakið jafnrétti á sér margar og ólíkar skilgreiningar sem varða hvernig ákveðnir eiginleikar eða aðstæður geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks svo sem aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál eða þjóðerni. Í þessu riti er megináherslan að skoða áhrif kynferðis en einnig brugðið ljósi á margþætta mismunun sem byggir á samtíðunum fleiri þátta en kynferðis.

Jafnréttisbarátta: Kvenréttindabaráttan leiddi til þess að mismunun sökum kynferðis var gerð ólögleg. Þá kom í ljós að lagalegt jafnrétti dugði ekki til að koma á raunverulegu jafnrétti kynjanna. Enn hallaði á konur í samfélaginu þrátt fyrir lagaumbætur og talið var að

kynjamisrétti lægi það djúpt í menningunni að frekari aðgerða væri þörf. Jafnréttisbarátta snýst um að breyta hugarfari og útrýma ójófnuði með markvissum og skipulögðum aðgerðum. Kynbundinn launamunur er eitt skýrasta dæmi þess að lagajafnrétti dugi ekki eitt og sér til að útrýma kynjamisrétti.

Jafnréttisáætlun: Samkvæmt jafnréttislögum nr 10/2008 eiga fyrirtæki og stofnanir, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Karlmennska er samheiti yfir staðalmyndir af „eðlilegum“ körlum og vísar til hugmynda frekar en áþreifanlegra fyrirbrigða. Hugtakið nær yfir margar ólíkar hugmyndir sem eiga að lýsa einkennum, hegðun og venjum karla fremur en kvenna. Í rannsóknum á valdi hefur þessu hugtaki verið beitt þegar reynt er að átta sig á hvernig ríkjandi karlmennskuhugmyndir stjórna hugsunum og gjörðum. Það á sér bæði jákvæðar og neikvæðar tengingar. Af þeim jákvæðu má nefna aga, rökvísi, hlutlægni, samkeppni og hugrekki. Af neikvæðum tengingum má nefna áhættuhegðun, hörku, óbilgírni og hroka. Þeir sem vinna að auknu jafnrétti vilja fjölga þeim möguleikum sem þykja falla undir „sanna“ karlmennsku.

Kjör: Laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikinda-réttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin eru til fjár.

Klám hefur verið skilgreint á þann hátt að það sé efni sem sýnir kynlíf og/eða afhjúpuð kynfæri í tengslum við misnotkun og niðurlægingu þannig að slík hegðun sé studd, látin óátalin eða jafnvel hvatt til hennar.

Klámvæðing er heiti á því menningarferli þegar klám og hlutverk, myndmál, táknmyndir og orðfæri úr kláminu smeygja sér inn í okkar daglega líf sem normaliserað, samþykkt og jafnvel dáð menningarlegt fyrirbæri.

Kvenleiki er andhverfan við karlmennsku og er samheiti yfir staðalmyndir af „eðlilegum“ konum og vísar til hugmynda frekar en áþreifanlegra fyrirbrigða. Í rannsóknum á valdi hefur þessu hugtaki verið beitt þegar reynt er að átta sig á hvernig ríkjandi kvenleikahugmyndir

stjórna hugsunum og gjörðum. Hugtakið á sér bæði jákvæðar og neikvæðar tengingar. Af þeim jákvæðu má nefna samvinnu, sköpunargáfu, hæfileikann til að tjá sig, mýkt og umhyggju. Af neikvæðum tengingum má nefna valdleysi, veikleika, undirgefni, skort á skynsemi og órökvísi. Hugmyndir tengdar kvenleika hafa gjarnan minni virðingu í samfélaginu sem birtist meðal annars í launum til starfa sem krefjast umhyggju.

Kvenréttindabaráttá einkenndi hreyfingar kvenna sem spruttu upp í byltingum á Vesturlöndum undir lok 18. aldar og blómstruðu á 19. og 20. öld. Baráttan snerist um að auka lagaleg réttindi kvenna. Konur kröfðust þess að þær fengju rétt til að taka þátt í þjóðfélagsmálum; kosningarétt og kjörgengi. Þær börðust meðal annars fyrir réttindum til náms, þátttöku á vinnumarkaði og fyrir fjárhagslegu sjálfstæði kvenna.

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáningar brotaþola. Einnig á það við um hótanir um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Kynbundinn leiðréttur launamunur: Sá launamunur milli kynja sem mælist þegar búið er að taka tillit til þátta eins og menntunar, starfsreynslu, vinnutíma og fleiri þátta. Kynbundinn launamunur hefur mælst allt að 17% á Íslandi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Kynferði/kyngervi: *Kynferði* er hugtak sem byggir á mótunarhyggju. Hún felur í sér að kynjamunur sé fyrst og fremst félagslegt sköpunarverk, eitthvað sem hefur orðið til og er viðhaldið í samfélagi við annað fólk, en er ekki eðlislægt fyrirbæri. Hugtakið *kyn felur* í sér að þú fæðist kvenkyns eða karlkyns en *kynferði* vísar til þess að samfélagið móti þig sem konu eða karl. Orðið *kyngervi* felur í sér sömu merkingu. Samkvæmt þessu ákvarðar *kynferði* einstaklingsins hvernig honum „ber að haga sér“, það er að segja hvernig viðkomandi eigi að háttá útliti sínu, klæðaburði, framkomu, hreyfingum og áhugamálum svo eitthvað sé nefnt. Þessi skilaboð eru ekki einsleit heldur

flókin og oft mótsagnakennd, ólík innan sömu menningar, milli ólíkra menningaheima, stétta, aldurshópa og breytileg eftir tímabilum.

Kynjakerfi ákvarðar hvernig samfélagið greinir á milli kvenna og karla. Kynskiptur vinnumarkaður er gott dæmi um þetta. Áður fyrir giltu mismunandi lög um konur og karla. Samkvæmt kenningu sænska sagnfræðingsins Yvonne Hirdman um kynjakerfið byggist það annars vegar á aðgreiningu kynjanna, sbr. vinnumarkaðinn og hins vegar á því að karlar eru viðmiðið.

Kynjasambætting snýst um að gæta þess að sjónarhorn kynjafnréttis sé fléttað inn í stefnumótun á öllum sviðum samfélagsins. Þannig þarf fólk í ráðandi stöðum, sem mótar stefnu samfélagsins, að gæta þess að ekki beri á kynjamisrétti í ákvörðunum þeirra með því að skipuleggja, bæta, þróa og meta ákvörðunarferlið með jafnrétti að leiðarljósi.

Kynlífsvæðing: Gerður er greinarmunur á hvort vísað er til kynlífsvæðingar samfélagsins eða manneskju. Yfirleitt þegar talað er um kynlífsvæðingu er vísað til samfélagsins. Kynlífsvæðing felur í sér allar þær breytingar, bæði góðar og slæmar sem orðið hafa síðustu áratugi á opinberri umræðu, viðhorfum, skoðunum og athöfnum sem tengjast kynlífi, kynhegðun og klámi. Sumir angar kynlífsvæðingarinnar teljast slæmir en aðrir góðir.

Kynlífsvæðing manneskjunnar: Skilgreiningin felur í sér að manneskja sé kynlífsvædd þegar virði manneskjunnar er einvörðungu metið út frá kynferðislegu eða líkamlegu aðdráttarafli og kynhegðun. Í þessu getur einnig falist að líkamar séu smættaðir niður í hluti fyrir aðra til að nota á kynferðislegan hátt.

Kynskiptur vinnumarkaður einkennist af því að mikill meirihluti þeirra sem vinna ákveðin störf eru konur, eða karlar eftir atvikum. Góð dæmi um þetta eru hjúkrunarfræði, þar sem meirihlutinn er kvenkyns, og mannvirkjagerð, þar sem meirihlutinn er karlkyns. Vinnumarkaður á Norðurlöndum er mun kynskiptari en í öðrum löndum Evrópu um leið og atvinnuþátttaka kvenna er mjög mikil.

Lýðræði gerir ráð fyrir að einstaklingar séu sjálfráðir um eigið líf og eigi möguleika á að taka virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki er gert ráð fyrir að borgararnir búi við full mannréttindi og ráði auk þess öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Því er forsenda lýðræðis samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær.

Mótunarhyggja er andstæða eðlishyggju. Mótunarsinnar hafna því að ólík hegðun, hlutverk og staða kynjanna stafi af meðfæddu eðli kvenna og karla. Þeir trúa því að hver og einn fæðist með ólíka skapgerð, en að ekki sé hægt að eigna öllum einstaklingum af sama kyni sömu eiginleika og skapgerð. Að þeirra mati mótast manneskjan út frá þeim hugmyndum um karlmennsku og kvenleika sem eru við lýði hverju sinni.

Sértækar aðgerðir: Sérstakar, tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem hallar á annað kynið. Stundum þarf að veita öðru kyninu tímabundinn forgang til að ná jafnvægi.



Staðalmyndir eru fyrirfram ákveðnar hugmyndir um útlit og/eða eiginleika fólks sem tilheyrir ákveðnum hópi eða stétt innan samfélagsins, eins og hvernig það á að hegða sér og hvaða störf eru við hæfi þess.

Valdastétt: Hugtakið stétt vísar til aðgreiningar í hópa eftir félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum aðstæðum fólks. Valdastétt vísar til þeirra hópa sem hafa völd eða skapa sér þau í gegnum þessar aðstæður. Það er breytilegt eftir samfélögum og tímabilum hverjir teljast til valdastéttar. Fyrir á öldum töldust aðalsmenn, óðalsbændur og höfuðklerkar til valdastéttar, en í vestrænum kapítalískum samfélögum eru það fjármagnseigendur og æðstu menn (gjarnan karlmenn) í stjórnkerfi, fjölmiðlum og fjármálaheimi. Eins má telja þá sem njóta virðingar og hafa aðstöðu í lista- og fræðaheiminum til valdastéttar að nokkru leyti þar sem þeir móta hugsanir og viðhorf okkar hinna, um leið og þeir eru settir undir þá sem hafa völd og fjármagn. Því er hugtakið valdastétt ekki eingöngu bundið við efnahag heldur ekki síður við menningar- og félagsauð.

Heimildir

- Andrea Hjálmsdóttir. (2007). *Eru þau með jafnréttið í farteskinu? Viðhorf nemenda í 10. bekk til jafnréttis kynjanna*. Óbirt BA-ritgerð, Háskólinn á Akureyri, Akureyri.
- Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2006). *Fólk heldur að við séum fleiri: Viðtalsrannsókn við íslenska karlleikskólakennara*. Óbirt MA-ritgerð, Háskólinn á Akureyri, Akureyri.
- Anna Lilja Þórisdóttir. (2009). *Dáðleysi kvenna eða er öðru um að kenna? Stjórnmalakonur í fjölmiðlum fyrir Alþingiskosningarnar 2009*. Óbirt MA-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Arnot, M. (2008). *Educating the gendered citizen: sociological engagements with national and global agendas*. London: Routledge.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2004). Ógnin sem stafar af kvenkennurum. *Skólavarðan*, 4(5), 5-7.
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2005). Er grunnskólinn kvenlæg stofnun? Í Steinunn Helga Lárusdóttir, Arna H. Jónsdóttir og Þórdís Þórðardóttir (Ritstj.), *Kynjamyndir í skólasterfi* (bls. 149-170). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Blogg-Gáttin. (2010). *Vinsælast þessa vikuna*. Sótt 19. júlí 2010 af <http://blogg.gattin.is/>
- Brynja Kristjánsdóttir og Kristín Brynja Gunnarsdóttir. (2008). *Brottfall stúlkna úr íþróttum*. Óbirt BS-ritgerð, Kennaraháskóli Íslands, Laugarvatn.
- Connell, R. W. (1995). *Masculinities*. Cambridge: Polity Press.
- Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson. (2008). *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 25. janúar 2010 af www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Konnun_Felagsvísindastofnunar_um_kynbundinn_launamun_a_íslenskum_vinnumarkadi2.pdf.
- Elva Björk Sverrisdóttir. (2010, 3. febrúar). *Konur í íslenskri fréttamennsku*. Erindi var flutt á Félagsfundi Félags fjölmiðlakvenna, Reykjavík.
- Eurydice. (2010). *Gender differences in educational outcomes: study on the measures taken and the current situation in Europe*. Brussel: European Commission.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2001). *Gerð fjölskyldustefnu sveitarfélaga*. Sótt 10. mars 2010 af www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/fjolskyldurad/frettir/nr/417.
- Forsætisráðuneytið. (2004). *Efnahagsleg völd kvenna*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið. Sótt 25. janúar 2010 af www.forsaetisraduneyti.is/media/Efnahasleg_vold_kvonna/EVKskyrsla.pdf.
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (1995). *Launamyndun og kynbundinn launamunur*. Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála.
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Ásdís G. Ragnarsdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Jóna Karen Sverrisdóttir, Matthías G. Þorvaldsson og Sigríður Herdís Bjarkadóttir. (2006). *Launamyndun og kynbundinn launamunur*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2003a). Betur má ef duga skal: Námskrá framhaldsskólans í kynjafræðilegu ljósi. *Uppeldi og menntun*, 12, 43-63.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2003b). Hugmyndir um kyngervi og jafnrétti í námskrám grunnskólans. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV, félagsvísindadeild* (bls. 257-272). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). *Menntun, forysta og kynferði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2004). „Ég er tilbúin að gefa svo mikið“: *Sjálfræði, karllæg viðmið og mótsagnir í lífi útivinnandi mæðra og orðræðum um ólíkt eðli, getu og hlutverk*. Óbirt MA-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Hagstofa Íslands. (1997). *Hagskinna: Sögulegar hagtölur um Ísland*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2004). *Konur og karlar 2004*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2006). *Mannfjöldi*. Sótt 13. september 2007 af www.hagstofa.is.
- Hagstofa Íslands. (2009a). *Hagtölur*. Sótt 15. ágúst 2009 af www.hagstofa.is.
- Hagstofa Íslands. (2009b). *Konur og karlar í áhrifastöðum 2008, Hagtiðindi: Heilbrigðis-, félags- og dómsmál (94. árg.)*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2010). *Hagtölur*. Sótt 6. júlí 2010 af www.hagstofa.is.
- Harris, T. (2003). Depression in women and its sequela. *Journal of Psychosomatic Research*, 54, 103-112.

- Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. (2005). *Eignarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði*. Reykjavík: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Byggðastofnun. Sótt 25. janúar 2010 af www.efnahagsraduneyti.is/media/ Acrobat/Eignarhald_kvonna_IVR.pdf.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Ingólfur V. Gíslason og Guðný Björk Eydal (Ritstj.). (2008). *Equal rights to earn and care – Parental leave in Iceland*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jafnréttisstofa. (2009). *Tölulegar upplýsingar: Hlutföll og fjöldi karla og kvenna á ýmsum sviðum samfélags*. Sótt 5. janúar 2010 af www.jafnretti.is/D10/_Files/Tölur%20hlutföll%20og%20 fjölda%20karla%20og%20kvenna%202009.pdf.
- Katrín Anna Guðmundsdóttir. (2010). „Ég lít ekki svo á að ég sé að breyta þjóðfélaginu“: Um auglýsingar, jafnrétti og markaðsstarf. Óbirt MA-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Klara Kristín Arndal. (2009). *Íslensk kvennatímarit: Sölutorg staðalmynda*. Óbirt MA-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Kristín Ása Einarsdóttir. (2008). *Íslenskir fréttamiðlar, kynjahlutfall og birtingarmyndir kynjanna*. Óbirt BA-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Kristín Jónsdóttir. (2007). *Hlustaðu á þína innri rödd: Kvænnaframboðið í Reykjavík og Kvennalisti 1982–1987*. Reykjavík: Sögufélag.
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2003). Brottfall úr framhaldsskóla: Afstaða til skóla, stuðningur foreldra og bakgrunnur nemenda. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003 (bls. 669–678). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhauser. (2010). Dropouts in a small society: Is the icelandic case somehow different? Í *School dropout and completion: international comparative studies in theory and policy*. Dordrecht: Springer.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2009). Parenting practices and school dropout: A longitudinal study. *Adolescence* 44, 729–749.
- Kvænnaathvarfið. (2004). *Ársskýrsla 2003*. Reykjavík: Kvænnaathvarfið.
- Landlæknisembættið. (2008). *Ársskýrsla Landlæknisembættisins 2008*. Sótt 14. desember 2009 af www.landlaeknir.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4027.
- Landlæknisembættið. (2010). *Sóttvarnarlæknir*. Sótt 27. janúar 2010 af www.influensa.is/?PageID=1055&NewsID=1997
- Likamsvirding.is. (2010). *Megrunarlaus dagurinn*. Sótt 12. ágúst 2010 af <http://likamsvirding.is/>
- Loftur Guttormsson (Ritstj.). (2008). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (fyrri bindi). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lynch, K. og Lodge, A. (2002). *Equality and Power in Schools: Redistribution, recognition and representation*. London: Routledge Falmer.
- Lýðheilsustöð. (2009). *Reykningar Íslendinga 1989–2008*. Sótt 12. september 2009 af www.lydheilsustod.is/rannsoknir/tobak-og-tobaksvarnir/talnaefni/
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um hlutafélög nr. 2/1995. Sjá áorðna breytingu nr. 13/2010.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). *Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Sótt 27. mars 2010 af bella.mrn.stjr.is/utgafur/ungt_folk_8_9_10_2009.pdf.
- Margrét Valdimarsdóttir. (2005). *Karlar og konur í íslensku sjónvarpi - Fréttir*. Sótt 14. október 2009 af www.jafnretti.is/D10/_Files/konurogkarlarfrettir2005.pdf.
- María H. Marinósdóttir og Viktoría Rut Smáradóttir. (2008). *Birtingarmyndir kynjanna: Er slagsíða í dagblöðum?* Óbirt BA-ritgerð, Háskólinn á Akureyri, Akureyri.
- Menntamálaráðuneytið. (2001). *Nefnd um konur og fjölmiðla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

- Mill, J. S. (2003). *Kúgun kvenna* (Sigurður Jónasson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Myers, K., Taylor, H., Adler, S. og Leonard, D. (Ritstj.). (2007). *Genderwatch: Still watching*. Stoke on Trent: Trentham Books.
- Norræna ráðherranefndin. (1997). *Karlar og jafnrétti*. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- PISA. (2004). *Learning for tomorrow's world – First results from PISA 2003*. Sótt 10. janúar 2006 af www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa2003/4-PISA2003eng-Chap4.pdf.
- Promotion of Sexual Health. Recommendations for Action*. (2000). Guatemala: Pan American Organization and World Health Organization in collaboration with World Association for Sexology.
- Ragnar F. Ólafsson, Almar M. Halldórsson og Júlíus K. Björnsson. (2006). Gender and the urban-rural differences in mathematics and reading: An overview of PISA 2003 results in Iceland. Í J. Mejdning og A. Roe (Ritstj.), *Northern Lights on PISA 2003*. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.
- Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum. (2003). *Jafnréttismál – viðhorfsrannsókn*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Ríkislögreglustjórnin. (2008). *Afbrotatölfræði 2007*. Sótt 14. september 2009 af www.logreglan.is/upload/files/AFBROTAT%D6LFR2007_LOKAEINTAKI%Do.pdf.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2009). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldarinnar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Sólveig Jakobsdóttir. (1999). Tölvumening íslenskra skóla: kynja- og aldursmunur nemenda í tölvutengdri færni, viðhorfum og notkun. *Uppeldi og menntun*, 8, 119-140.
- Stefanía Katrín Karlsdóttir. (2008). *Aðskilnaður barns frá öðru foreldri sínu: Samantekt úr íslenskum rannsóknnum*. Sótt 2. nóvember 2009 af www.ruv.is/servlet/file/A%C3%Boskilnadur_barns_fra_odru_foreldri_sinu_stytt.pdf?ITEM_ENT_ID=250243&COLLSPEC_ENT_ID=32.
- Stígamót. (2010). *Ársskýrsla Stígamóta 2009*. Reykjavík: Stígamót.
- Tyrfingsson, T., Thorgeirsson, T., Geller, F., Runarsdóttir, V., Hansdóttir, I., Bjornsdóttir, G. o.fl. (2010). Addictions and their familiarity in Iceland. *Annals of the New York Academy of Sciences*, 1187(1), 208-217.
- Vinnueftirlitið. (2010). *Rétturinn til heilbrigðis og öryggis á vinnustað – hollráð fyrir ungt fólk*. Sótt 27. janúar 2010 af www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/vinnuverndarvikan/65_stadreyndablad.pdf.
- Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2005). Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum. Í Steinunn Helga Lárusdóttir, Þórdís Þórðardóttir og Arna H. Jónsdóttir (Ritstj.), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 199-219). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2004, 30. janúar). *Orðræða um jafnrétti í aðdraganda alþingiskosninga 2003*. Erindi var flutt á málþingi Rannsóknarstofu í kvenna og kynjafræðum, Háskóli Íslands.
- Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2009). *Á mannamáli: Brotin, dómarnir og umræðan*. Reykjavík: JPV.
- Þórður Kristinsson. (2005). *Rannsókn á auknum hlut karla í hjúkrunarnámi*. Reykjavík: Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.
- Þóroddur Bjarnason. (2009). *Vímuefnaneysla íslenskra unglunga í alþjóðlegum samanburði 1995-2007*. Akureyri: Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri. af www.espad.is/Vimuefnaneysla_2007.pdf.
- Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjalmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson. (2006). *Heilsa og lífskjör skólanema 2006: Landshlutaskýrsla*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð.

Tilvísanir

- 1 Mill, 2003.
- 2 Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla .
- 3 Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2001.
- 4 Hagstofa Íslands, 2009a.
- 5 Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006.
- 6 Lög um fæðingar- og foreldraorlof.
- 7 Loftur Guttormsson, 2008, bls. 32.
- 8 Sigríður Matthíasdóttir, 2004.
- 9 Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009.
- 10 Lynch og Lodge, 2002.
- 11 Connell, 1995.
- 12 Tölulegar upplýsingar um félagslíf framhaldsskólanna tóku mannfræðinemarnir Sveinn Guðmundsson og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir saman í mars 2005. Upplýsingar fengust um eftirfarandi skóla: Flensburg, MR, ME, VÍ, MS, ML, MH, FSN, FG, FÍV, FSU, FB. Ekki fengust upplýsingar um FÁ, FM Austurl., MA, Borgarholtsskóla, FVA og Iðnskólann. Sjá frekari umfjöllun: Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005.
- 13 Andrea Hjálmsdóttir, 2007.
- 14 Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004.
- 15 Guðný Guðbjörnsdóttir, 2003a; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2003b.
- 16 Sjá Guðný Guðbjörnsdóttir, 2003a.
- 17 Sjá nánar frétt: <http://www.dv.is/frettir/2010/5/28/stelpur-mattu-ekki-laera-um-tolvuleik/>.
- 18 Sjá nánar frétt: <http://www.dv.is/frettir/2010/6/9/bodid-ad-skoda-sig-um-hja-ccp/>.
- 19 Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2003; Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhauser, 2010.
- 20 Hagstofa Íslands, 2009a.
- 21 Tölur fengnar úr nemendaskrá HÍ í október 2009 en í þeim skóla situr ríflega helmingur háskólastúdenta í landinu.
- 22 Samanber Anna Elísa Hreiðarsdóttir, 2006; Þórður Kristinsson, 2005.
- 23 Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005.
- 24 PISA, 2004.
- 25 Arnot, 2008.
- 26 Sjá samantekt Myers, Taylor, Adler og Leonard, 2007 úr bókinni „Genderwatch: Still Watching“.
- 27 Sjá frekari umfjöllun í grein sem heitir „Ógnin sem stafar af kvenkennurum“. Höf: Berglind Rós Magnúsdóttir, 2004.
- 28 Eurydice, 2010; Ragnar F. Ólafsson, Almar M. Halldórsson og Júlíus K. Björnsson, 2006.
- 29 Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006.
- 30 Hagstofa Íslands, 2006.
- 31 Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrunn Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson, 2008.
- 32 Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafraeðum, 2003.
- 33 Hagstofa Íslands, 2009a.
- 34 Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Ásdís G. Ragnarsdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Jóna Karen Sverrisdóttir, Matthías G. Þorvaldsson og Sigríður Herdís Bjarkadóttir, 2006.
- 35 Sjá nánar á vef rikisskattstjóra: www.rsk.is.
- 36 Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrunn Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson, 2008.
- 37 Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla .
- 38 Kristín Jónsdóttir, 2007.
- 39 Forsætisráðuneytið, 2004.
- 40 Ibid.
- 41 Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 2005. Sama tilvísun á við fróðleiksmola þrjú og fjögur í boxinu.
- 42 Lög um hlutafélög nr. 2/1995, sjá sérstaklega áorðna breytingu nr. 13/2010.
- 43 Sjá frumvarp til laga á vefnum <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0740.html>
- 44 Elva Björk Sverrisdóttir, 2010.
- 45 Margrét Valdimarsdóttir, 2005.
- 46 Kristín Ása Einarsdóttir, 2008.
- 47 Margrét Valdimarsdóttir, 2005.
- 48 Who Makes the News, 2010.
- 49 Anna Lilja Þórisdóttir, 2009.
- 50 Who Makes the News, 2010.
- 51 Klara Kristín Arndal, 2009.
- 52 Blogg-Gáttin, 2010.
- 53 Sjá nánari umfjöllun: Katrín Anna Guðmundsdóttir, 2010 bls. 59-75.
- 54 Ibid.
- 55 Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006
- 56 Brynja Kristjánsdóttir og Kristín Brynja Gunnarsdóttir, 2008.
- 57 Harris, 2003.
- 58 Sjá nánar: <http://likamsvirding.is/>
- 59 Likamsvirding.is, 2010.
- 60 Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006
- 61 Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009.
- 62 Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006.
- 63 Þóroddur Bjarnason, 2009.
- 64 Tyrtingsson, Thorgeirsson, Geller, Runarsdóttir, Hansdóttir, Björnsdóttir, Wiste, Jonsdóttir, Stefansson, Gulcher, Oskarsson, Guðbjartsson og Stefansson, 2010.
- 65 Promotion of Sexual Health. Recommendations for Action, 2000.
- 66 Ibid.
- 67 Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004.
- 68 Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006.
- 69 Landlæknisembættið, 2010.
- 70 Landlæknisembættið, 2008.
- 71 Vinnueftirlitið, 2010.
- 72 Stígamót, 20089.
- 73 Kvennaathvarfið, 2004.
- 74 Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

ISBN 978-9979-777-83-0